

RAGNHEIÐUR ÓSKARSDÓTTIR

Afar ánægð með nýja leðurjakkann sinn

• Tiska • Heilsa

allt í MIÐJU BLAÐSINS



NÝIR BÍLAR

Umhverfsvænt í fyrirrúmi

Sérblað um nýja bíla

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. september 2007 – 255. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR



### Næsti grínkongur

Seth Rogan er skærasta stjarnan í bandaríska grínheiminum.

BÍÓ 36

### Býðst að vera gestaleikari

Undirskriftasöfnun Halldórs Eldjárns fyrir Randver Þorláksson ber árangur.

FÓLK 50



### Herör gegn okri

Þorvaldur Gylfason skrifar um okur á almenningi og þá viðskiptahætti sem tíðkast á Íslandi.

UMRÆÐAN 26


### Gulls ígildi

Cristiano Ronaldo tryggði Man. Utd góðan útisigur gegn sínum gömlu félagum í Sporting Lissabon í gær.

ÍÞRÓTTIR 46



### VEÐRIÐ Í DAG




RIGNING EDA SKÚRIR - í dag verða norðaustan 5-15 m/s, hvassast allra vestast. Rigning um austurhluta landsins annars skúrir á við og dreif. Léttir smám saman til suðvestanlands. Hiti 3-11 stig, hlýjast syðst.

VEÐUR 4

### Fimmtudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í júlí 2007.

## Umfangsmikil leit að manni í Soginu

Hátt í hundrað björgunarsveitarmenn leituðu manns á sextugsaldri sem féll í Sogið síðdegis í gær. Sonur hans, sem einnig féll í ána, bjargaðist við illan leik.

**SLYS** Um hundrað björgunarsveitarmenn leituðu fram eftir kvöldi að manni sem féll í Sogið til móts við bæinn Bíldsfell í gær. Leitin hafði engan árangur borið þegar Fréttablaðið fór í prentun. Leit var hætt í ána og úr lofti um hálf tíu vegna myrkurs en leita átti fram eftir nóttu með hundum.

Tildrög slyssins voru þau að feðgar við veiðar, 26 og 53 ára, höfðu vaðið djúpt út í ána þegar sonurinn missti fótanna. Faðirinn reyndi að koma honum til bjargar en flaut þá sjálfur upp.

Sá þriðji í hópnum, bróðir föðurins, óð í land eftir aðstoð. Veiðimenn á vestari bakka árinna settu út bát og björguðu syninum úr ána, en faðirinn fannst ekki.

Árni Þorvaldsson var einn þeirra sem kom syninum til hjálpar. „Hann náði að halda sér á floti meðan við kölluðum út bát sem var á Bíldsfelli rétt hjá,“ segir hann. „Þetta var orðið mjög tæpt þegar við náðum drengnum upp, hann gat varla staðið í fæturna. Þá hafði hann verið í ána í klukkutíma eða svo.“

Árni segir botninn þar sem feðgarnir stóðu vera lausan í sér, og það hafi trúlega valdið því að þeir misstu jafnvægið. „Áin er ekki mjög straumhörd þar sem þeir voru en hins vegar allt að tveggja metra djúp.“

Alls tóku níu björgunarsveitir þátt í leitinni. Hópar gengu meðfram árbökkunum, tólf bátar voru notaðir og þyrta Landhelgisgæslunnar leitaði úr lofti. Kafarar leituðu einnig mannsins. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni barst tilkynningin um slysið klukkan fimm, og voru björgunarsveitir samstundis kallaðar út.

Sonurinn var fluttur á sjúkrahús í Reykjavík en var ekki talinn í lífshættu. Hann var þó kaldur og hafði fengið vatn ofan í sig.

Sonurinn var fluttur á sjúkrahús í Reykjavík en var ekki talinn í lífshættu. Hann var þó kaldur og hafði fengið vatn ofan í sig.

Sonurinn var fluttur á sjúkrahús í Reykjavík en var ekki talinn í lífshættu. Hann var þó kaldur og hafði fengið vatn ofan í sig.



LEITAD Í ÁNI Hátt í hundrað björgunarsveitarmenn frá níu björgunarsveitum leituðu mannsins sem féll í Sogið í gær. Göngu- hópar, leitarhundar, bátar, kafarar og þyrta tóku þátt í leitinni, sem hafði engan árangur borið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

MYND/EGILL BJARNASON

## Seðlabanki og Kauphöll: Greinir á um túlkun laga

**VIÐSKIPTI** Seðlabanka Íslands og Kauphöllina greinir á um hvernig túlka beri lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Samkvæmt heimildum blaðsins túlkar Seðlabankinn löginn sem svo að honum einum sé heimilt að „taka við innlánum frá reikningsstofnunum sem aðild eiga að verðbréfamíðstöð og annast efndalok viðskipta þeirra með verðbréfum“ eins og það er orðað í lögnum. Túlkun Kauphallar var hins vegar sú að þótt Seðlabankanum væri skylt að annast þá þjónustu væri sú kvöð ekki lögð á fjármálastofnanir að verða að leita til bankans.

- óká / Sjá síðu 24

## Bátur strandaði við Álftanes: Tveimur mönnum bjargað

**SLYS** Tveimur mönnum var bjargað eftir að bátur þeirra steytti á skeri út af Álftanesi á tíunda tímanum í gærkvöldi. Mennirnir slösuðust ekki við strandið.

Björgunarsveitarmenn fóru á þremur björgunarbátum á strandstað. Þegar Fréttablaðið fór í prentun um klukkan 23 í gærkvöldi voru björgunarmenn komnir um borð í bátinn og töldu þeir líklegt að hægt yrði að draga hann á flot, enda hefði enginn leki komið að bátinum.

- bj

## Súdan í mál við Amnesty: Neita alfarið sök

**SÚDAN, AP** Stjórnvöld í Súdan ætla að höfða mál á hendur Amnesty International fyrir ærumeiðingar vegna ásakana um pyntingar.

Samtökin segja að átta menn, sem sakaðir eru um að hafa skipulagt valdarán, hafi verið beittir hörðu ofbeldi. Þeir eru sagðir stjórnmalámennt og fyrrverandi yfirmenn úr hernum.

Stjórnvöld hafa ekki gefið út ákæru né birt gögn sem benda til sektar manna.

- sdg

Heilbrigðisráðherra breytir stjórnsýslu nýs háskólasjúkrahúss:

## Leggur Alfreðsnefndina niður

**STJÓRNMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra ætlar að leggja niður framkvæmdarnefnd um byggingu nýs háskólasjúkrahúss og færa verkefnið annað. Þetta staðfesti Guðlaugur Þór við Fréttablaðið í gærkvöld en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

Alfreð Þorsteinsson, sem hefur verið formaður, hættir þar af leiðandi afskiptum af byggingu sjúkrahússins. „Ég ræddi við ráðherra í síðustu viku og hann tilkynnti mér að hann ætlaði sér að gera breytingar. Ég veit ekki í hverju þær felast. En vinnan í nefndinni hefur gengið vel og er á áætlun.“

Áætlað er að heildarkostnaður við byggingu nýs sjúkrahúss verði á milli 50 og 60 milljarðar króna. 490 milljónir hafa þegar verið lagðar til verksins, 1.500 milljónir renna til þess á næsta ári og svo fjórir milljarðar árlega næstu ár á eftir.

Fyrsta áfanga á að vera lokið 2013 og framkvæmdum að fullu lokið 2018.

- mh / - bps

Öll lífsins list 2007. Sjónlistahátíð um helgina. Óvitar í Leikhúsinu. Akureyri. ÖLL LÍFSINS GÆÐI.

MIÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI. NYTT BRAGÐ! Þegar þú átt gott skilið. PYKKMJÓLK.



# NÝR CORSA



Fáir bílar hafa hlotið jafn margar  
viðurkenningar og nýr Opel Corsa\*

Beinskiptur **1.2 L**

Verð **1.590.000**

Sjálfskiptur **1.4 L**

Verð **1.850.000**

ESP skriðvörn/stöðugleikastýring - 6 loftpúðar - Aftengjanlegur loftpúði fyrir framsæti  
Fjarstýring fyrir hljómtæki í stýri - Útvarp með geislaspilara, spilar MP3 - „Aux“ tengi  
í hljómtæki - Aðdráttarstýri - Geymsluskúffa undir farþegasæti

\* Bíll ársins 2007 - What Car? - England  
„Best in Class“ - Channel 4 Cars - England  
Bíll ársins 2007 - Samtök bílblaðamanna (MKD) - Danmörk  
Fjölskyldubíll ársins 2007 - Samtök bíleigenda - Belgía  
2. sæti „Car of the Year“ 2007 í Evrópu



19.523 á mánuði \*\*



\*\* Bílasamningur miðað við 20% útborgun og eftirstöðvar í 84 mán.

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)



Berlín París

Verð frá 9.900 kr. aðra leiðina

GLASGOW

London

Verð frá 19.900 kr. aðra leiðina

NEW YORK

Baltimore / Washington

Sölutímabil: 19. september til og með 21. september.  
Ferðatímabil: 19. september til og með 31. október.

Takmarkað sætaframboð.

+ Nánari upplýsingar og bókanir á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)



WWW.ICELANDAIR.IS



# Amerískir dagar

## í Hagkaupum

### Nauta prime rib

TILBOÐ  
**2.798** kr/kg  
Verð áður 2.905



### Nauta entrecote

Nautasteikur í úrvali á amerískum dögum.

TILBOÐ  
**2.698** kr/kg  
Verð áður 3.143



### Nauta ribeye

TILBOÐ  
**2.798** kr/kg  
Verð áður 3.143



### Nauta t-bone steik

TILBOÐ  
**2.498** kr/kg  
Verð áður 3.050



### Nauta porterhouse steik

TILBOÐ  
**2.598** kr/kg



Kjöt & Fiskskorgið  
Alltaf ferskt

Ragnar Ómarsson  
matreiðslumeistari



### Famous Dave's BBQ

Famous Dave's, alvöru amerískar BBQ sósur. Famous Dave's BBQ sósurnar koma úr smíðju samnefndrar veitingahúsakeðju sem teygir anga sína um Ameríku. Dave Anderson eigandi og stofnandi Famous Dave's eyddi 25 árum í það að búa til þessa frábæru grillsósu og afresturinn kemur þér verulega á óvart. Þessar verðurðu að prófa! Heimasiða [www.famousdaves.com](http://www.famousdaves.com)



Kaupir 2 pakka  
og færð Cheerios buff  
í kaupbæti



### Pringles

– fitulaust, aðeins í Ameríku. Takmarkað magn



### Kjúklingabringur

– ferskar



TILBOÐ  
**699** kr/kg  
Verð áður 872

### Kalkúnn

– frosinn



### Mott's eplamauk

– þrjár gerðir

Gildir til 23. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



- 1 Hvaða fyrirtæki þurfti að fresta skráningu hlutafjár í evrum á dögum?
- 2 Hver segist hafa verið rekinn úr knattspyrnuliði FH eftir viðtal við Fréttablaðið?
- 3 Hvað heitir ný heimildar mynd Sigur Rósar?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 50

Framkvæmdastjóri Lögmannafélagsins segir að heimildir skorti:

# Svipuð mál mega ekki endurtaka sig

**FJÖLMIDLAR** „Lögmannafélagið skortir heimildir til að grípa inn í mál sem þessi,“ segir Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands, um málefni lögfræðings sem grunaður er um að hafa leitað á börn. Í fréttaskýringarþættinum Kompási á Stöð 2 í fyrrkvöld var fjallað um mál lögfræðings sem grunaður er um að hafa brotið kynferðislega á börnum. Réttatökuverður í máli mannsins í næstu viku en á meðan mál hans hefur verið í rannsókn hefur hann sjálfur varið aðra menn sem grunaðir eru um barnanið og meðal annars setið við skýrslu-

töku á barni í Barnahúsi. „Þetta er slæm staða sem við höfum sem betur fer ekki lent í áður. Ég vil samt að allt verði gert til að koma í veg fyrir að svona endurtaki sig,“ segir Ingimar. Hann segir að eins og staðan sé nú sé ekkert ákvæði sem gefi heimild til að grípa inn í ef svipaðar aðstæður og þær sem Kompás fjallaði um koma upp. Erfitt geti verið að útfæra slíkt ákvæði en nauðsynlegt sé að reyna að tryggja að siðferðislegir árekstrar komi ekki upp séu menn grunaðir um glæpi eða ákærðir fyrir þá.



**HEIMILDIR SKORTIR** Framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands vill koma í veg fyrir að mál eins og það sem Kompás fjallaði um í fyrrkvöld endurtaki sig.

- kdk

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETER

Flouri teknir fyrir lyfjaakstur: **Ökumaður í vímu ók á stein**

**LÖGREGLUMÁL** Jeppabifreið var ekið á stein fyrir framan verslunarmiðstöð í Hafnarfirði í fyrir nótt. Tveir voru í bílnum en ekki liggur fyrir hvor ók. Þeir eru grunaðir um að hafa verið undir áhrifum vímuefna. Lögregla segir að hefði billinn ekki lent á steininum sé líklegt að hann hefði endað inni í verslunarhúsinu.

Það sem af er vikunni hefur ekki liðið sú nótt að ekki hafi ökumaður verið tekinn úr umferð, grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna eða lyfja.

- kdk

Fjórir grunaðir í Danmörku: **Stolnu gullhornin fundust**

**DANMÖRK, AP** Danska lögreglan hefur fundið gullhornin tvö sem stolið var á mánudaginn af safni í bænum Jelling á Jótlandi. Tvær konur og tveir karlar voru handtekin í gær, grunuð um aðild að ránninu.

Gullhornin eru tveggja alda gamlar eftirlíkingar af gullhornum frá bronsöld. Upprunalegu hornunum var stolið árið 1802. Þar var að verki skuldugur gullsmiður, sem bræddi þau og steypti úr þeim falsmyntir. Hann náðist.

Gullhornin eru venjulega geymd í Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn, en höfðu verið lánuð á vikingasýningu í Jelling, litlu þorpi sem áður var höfuðstaður norrænna manna í Danmörku.

- gb

OECD gagnrýnir áherslu á etanól og segir ávinning af notkun þess takmarkaðan:

# Etanól ekki fýsilegur kostur

**UMHVERFISMÁL** Aukinn áhugi á lífrænu eldsneyti eins og etanóli sem orkugjafa fyrir bíla, og ríkisstyrkir til framleiðslu á etanóli, hafa leitt til umtalsverðra verðhækkana á matvællum, að því er fram kemur í nýlegri skýrslu Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunar Evrópu (OECD).

Ávinningur af notkun lífræns eldsneytis á bíla er ekki nægur til að gera það að fýsilegum valkosti, segir í skýrslu OECD. Áhersla á etanól-framleiðslu geti valdið skorti á matvællum, en etanól er meðal annars framleitt úr máis.

Lagt er til að ríkisstyrkir til framleiðslu etanóls verði felldir niður, og reynt að hemja kolefnisútblástur með því að skattleggja útblásturinn.

Áhugi á lífrænu eldsneyti mun ennfremur setja pressu á enn frekara skógarhögg á þeim svæðum sem henta til ræktunar, og þar með gæti ávinningur umhverfisins af þessu umhverfisvænna eldsneyti orðið minni en til stóð.

Bent er á það í skýrslu OECD að aðeins ákveðnar framleiðsluáferðir etanóls séu vænlegar, í öllum tilvikum séu aukaáferðir sem til falli nýttar, svo sem sykurreyr í Brasilíu. Aðrar áferðir gætu þegar



**ETANÓLI DÆLT** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, vígði etanól-dælu hér á landi í vikunni. OECD bendir á að ákveðnar framleiðsluáferðir etanóls geti haft meiri umhverfisáhrif en brennsla bensíns.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

upp er staðið haft meiri umhverfisáhrif en brennsla bensíns og olíu.

- bj

Ráðherra í Þýskalandi:

# Varar við hægri-öfgum í austri

**BERLÍN, AP** Ráðherra málefna fyrrum Austur-Þýskalands varaði í gær við því að hægri-öfgum yxi ásmegin í sambandslöndunum fimm sem áður tilheyrðu Austur-Þýskalandi.

Önög reynsla af lýðræði og gagnrýninni kennslu á þýskri sögu hefur leitt til „skorts á grundvallar lýðræðissannfæringu“ og „hægriöfga-viðhorfum“ sem hefur gert hægriöfga-flokkum kleift að festa rætur að sögn ráðherrans, Wolfgangs Tiefensee.

Mikil aukning hefur orðið í árásum tengdum hægri öfgum í Þýskalandi undanfarið, þar á meðal hjá nýnasistum, og er hægriöfgaflokknum NPD kennt um.

- sdg

# Nýlegar lúxusbifreiðar á frábærum kjörum

Gott úrval lúxusbíla á einstökum kjörum í takmarkaðan tíma. Komdu núna í lúxussal **Bílalands B&L** og gerðu frábær kaup!



**Land Rover Range Rover Vogue**  
Nýskr: 06/2005, 4400cc  
Sjálfskiptur, silfurliðaður  
Ekinn 51.000 þ.  
**Verð kr. 7.950.000**  
**Tilboð kr. 6.750.000**



**BMW X5 3.0i**  
Nýskr: 12/2006, 3000cc  
Sjálfskiptur, dökkgrár  
Ekinn 10.000 þ.  
**Verð kr. 6.450.000**  
**Tilboð kr. 5.700.000**



**BMW 550i**  
Nýskr: 8/2006, 5000cc  
Sjálfskiptur, dökkblár  
Ekinn 17.000 þ.  
**Verð kr. 8.600.000**  
**Tilboð kr. 7.500.000**



**BMW X3 2.5i**  
Nýskr: 05/2006, 2500cc  
Sjálfskiptur, ljósblár  
Ekinn 16.000 þ.  
**Verð kr. 5.150.000**  
**Tilboð kr. 4.350.000**



**Porsche 911 Carrera 2** (Anniversary)  
Nýskr: 08/2005, 3600cc  
beinskiptur, silfraður  
Ekinn 9.000 þ.  
**Verð kr. 9.950.000**  
**Tilboð kr. 9.000.000**



**BMW Z4 M Coupe**  
Nýskr: 02/2007, 3300cc  
beinskiptur, blár  
Ekinn 9.000 þ.  
**Verð kr. 7.900.000**  
**Tilboð kr. 6.700.000**



**Porsche Cayenne**  
Nýskr: 09/2004, 3200cc  
Sjálfskiptur, dökkblár  
Ekinn 44.000 þ.  
**Verð kr. 5.600.000**  
**Tilboð kr. 4.600.000**



**BMW 330ix - 4x4**  
Nýskr: 05/2006, 3000cc  
Sjálfskiptur, dökkgrár  
Ekinn 13.000 þ.  
**Verð kr. 5.500.000**  
**Tilboð kr. 4.750.000**



**bilalands.is**

Gott úrval á staðnum. Komdu í heimsókn til okkar að Grjóthálsi 1.



Börn

Herrar

Dömur

Heimilið

Snyrtivörur



Þjóðum ný og glæsileg merki  
velkomin í Debenhams

Dömur: **Bruuns Bazaar, BZR,  
InWear, Soaked in Luxury** og **IKKS**

Herrar: **Matinique, BZR** og **Bruuns Bazaar**

Tvær nýjar deildir NTC í verslun Debenhams

**DEBENHAMS**

-FER ÞÉR VEL!



# Við borgum þér vextina mánaðarlega

ef þú leggur inn á **Mx12** hjá Kaupþingi.

**Mx12** er nýr hávaxtareikningur Kaupþings þar sem vextirnir eru greiddir mánaðarlega í stað árlega. Þú getur ráðstafað vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Hver innlögn er bundin í sjö daga en síðan laus til úttektar. Vextir eru stighækkandi eftir tíma og fjárhæð. Lágmarksinnstæða er 1 milljón kr.

**Mx12** er óverðtryggður innlánsreikningur og ársávöxtun er frá 12,55% - 14,05%.

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á [kaupthing.is](http://kaupthing.is)



Áttu von á gestum?



## Svefnsófar hannaðir fyrir nótt sem dag

Jaco




Duke



Jaco



Pat Ottoman



### Nýjar línur frá Milano Bedding og Recor í svefnsófum

Við í Betra Bak kynnum okkar framúrskarandi úrval svefnsófa frá Milano Bedding og Recor Sofabeds.

Sýningarsalur á neðri hæð, 250 m<sup>2</sup>, fullur af nýjum gerðum og litum.

Val um þrjár gerðir heilsudýna í svefnsófann þinn.

Gerðu kröfur um þægindi - láttu gestunum líða vel.



### Hægindastólar og lyftistölar

Hinir sívinsælu hægindastólar frá Recor eru til í miklu úrvali, bæði í leðri og tauvi.

Með því einu að ýta á takka stillirðu stólinn eins og þér finnst þægilegast, með öðrum takka lyftir þú stólnum og stendur upp áreynslulaust.

Lausn fyrir líkama og sál!



Reykjavík  
Faxafeni 5  
Sími 588 8477

Ísafirði  
Skeiði 1  
Sími 456 4566

Akureyri  
Tryggvabraut 24  
Sími 462 1410

[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is) • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# TILF

## STÚTFULL BÚÐ AF



### GIGABYTE GZ3 TÖLVUTILBOÐ

Öflug heimilistölva á frábæru verði. Nóg minni, stór harður diskur og 20" WideScreen skjár sem ásamt öflugu skjá korti skilar leikjunum í frábærum gæðum.

- Intel Core 2 Duo E2140 - 1.6GHz
- 2GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20" WideScreen skjár 800:1, 5ms
- 256MB 8400GS SilentPipe skjá kort
- 2.0 Creative Inspiron hátalarar
- Logitech þráðlaust lyklaborð/mús
- Windows VISTA Home Premium

**99.900**

VE36 **3.910** Á MÁN | VE lán í 36 mánuði

**3 DAGA  
TILBOÐ  
MEÐAN BIRGÐIR  
ENDAST**



### 22" LCD

ACER 2216W LCD SKJÁR

Vandaður 22" LCD skjár frá Acer á ótrúlegu tilboðsverði. Hentar jafnt í leiki, kvikmyndir sem og alla almenna vinnslu. Tryggðu þér eintak af þessum frábæra 22" LCD skjá meðan birgðir endast.

- 22" Widescreen LCD skjár
- 700:1 skerpa tryggir myndgæðin
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- VGA og DVI Digital tengi
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**24.900**



### 500GB SPECIAL EDITION 16MB

INOI margmiðlunarspilarinn er með 720p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Hlaðinn öllum helstu tengjum

**23.900**

**19.900 MEÐ 320GB**



### 5920G

ACER FARTÖLVUTILBOÐ

Mögnuð fartölva með Intel Santa Rosa, 300Mbps Draft-N þráðlausu neti, FireWire, Bluetooth, HDMI og 2.1 Dolby hljóðkerfi á ótrúlegu verði meðan birgðir endast.

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce 8600GT skjá kort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**119.900**

VE48 **3.785** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði



### GIGABYTE Uppfærslutilboð 2

- AM2 Dual Core X2 4000+
- GIGABYTE 690V móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 512MB ATI X1200 skjástýring
- 7.1 Dolby HD hljóðkort
- Gigabit netkort, 8x USB2

**18.900**



### CREATIVE 1GB STONE MP3 SPILARI

Einn minnsti MP3 spilarinn í heimi, aðeins 18,5g með hleðsluráhlöðu og heyrnartólum.

**4.990**



### CREATIVE FATAL1TY

Glæsileg Creative Fatal1ty leikja heyrnartól með 40mm Neodymium hátölurum og vönduðum hljóðnema

**6.990**



### 500GB eSATA HÝSING

iMicro500 er algjör bytting í gagnaflutningi. eSATA er allt að 6x hraðvirkara en USB2 tenging

**14.900**

**11.900 MEÐ 320GB**



### GIGABYTE 8400GS

Öflugt skjá kort frá GIGABYTE á ótrúlegu tilboðsverði, 256MB minni og hljóðlaus Silent Pipe kælitækni

**7.990**



### GIGABYTE Uppfærsluturn 2

- AM2 Dual Core X2 4000+
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB NCQ harðd.
- 512MB ATI X1200 skjástýring
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 8x USB2
- GIGABYTE GZ hljóðlátur turn

**36.900**

VE12 **3.567** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði

# BOÖD

## FRÁBÆRUM TILBOÐUM



FARTÖLVUR  
FRÁ PACKARD  
BELL OG ACER  
I MIKLU ÚRVALI



VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréfi með hagstæðum vörum, stimpil og lánþakgjaldi inniföldu • Birt með fyrirvara um breytingar og villur



# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • [www.tolvutek.is](http://www.tolvutek.is)

### OPNUNARTÍMAR

Virka daga  
10:00 - 18:30  
Laugardaga  
11:00 - 16:00







**169.900**

**42PC52**  
42" Plasma sjónvarp  
Upplausn 1024x768  
Skerpa 15.000:1  
Birtustig 1500  
Svartími innan við 1ms



**80 GB  
UPPTÖKU  
DISKUR**

**269.900**

**50PC1RR**  
50" Plasma sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 10.000:1  
Birtustig 1.000  
Svartími innan við 1ms  
80GB upptökudiskur

# Sjáðu sjónvarpið!



**259.900**

**42LY95**  
42" LCD sjónvarp  
Upplausn 1920x1080 Full HD  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 500  
Svartími 8ms



**224.900**

**37LF65**  
37" LCD sjónvarp  
Upplausn 1920x1080 Full HD  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 500  
Svartími 8ms



**219.900**

**42LC2D**  
42" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 1.600:1  
Birtustig 500  
Svartími 8 ms  
Stafrænn móttakari



**189.900**

**37LC2D**  
37" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 1.600:1  
Birtustig 500  
Svartími 8 ms  
Stafrænn móttakari



**179.900**

**42LC51**  
42" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 450  
Svartími 5ms



**159.900**

**37LC51**  
37" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 450  
Svartími 6ms



**109.900**

**32LC51**  
32" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 450  
Svartími 8ms



**105.900**

**26LC51**  
26" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 800:1  
Birtustig 500  
Svartími 3ms

## RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is [www.ri.is](http://www.ri.is)

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Life's Good

# 35%

## afsláttur af ÖLLUM búsáhöldum

Matar- og kaffistell, hnífaparasett, eldhúsahöld, glös, pottar og pönnur, bökunarform, geymslulát o.fl.

LÆGRA  
VERÐ!

[www.byko.is](http://www.byko.is)  
vefverslun

1.995  
~~3.990~~



**BOSCH**  
Vnr. 65743002  
**Handryksuga**  
BOSCH handryksuga.

1.495  
~~2.990~~



Vnr. 65745300  
**Kaffikanna**  
KASSEL kaffikanna, 1000W.

745  
~~1.490~~



Vnr. 65746263  
**Gufustraujárn**  
KASSEL gufustraujárn, 1000-1200W.

BRJÁLUÐ

# HELGAR BOMBA

fimmtudag, föstudag, laugardag & sunnudag



Vnr. 65753080  
**Örbylgjuofn**  
GALANZ  
örbylgjuofn, 800W.



Vnr. 88016500  
**Ryksuga**  
KASSEL ryksuga, 2000W. Stillanlegur  
kraftur og stór hjól. Mælir sýnir hvað mikið  
er í ryksugupokanum. HEBA filter.



Vnr. 65745080  
**Matvinnsluvél**  
BOSCH matvinnsluvél með blandara, 800W ásamt fylgihlutum.



Vnr. 65741010  
**Ávaxta-  
& grænmetispressa**  
BOSCH ávaxta- & grænmetispressa, 380W.



Vnr. 6531199  
**Kaffivél**  
PHILIPS SENSOR kaffivél.  
Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.



Vnr. 65743163  
**Brauðrist**  
KASSEL brauðrist, 800W.



Vnr. 65105762  
**Hraðsuðuketill**  
KASSEL hraðsuðuketill  
án snúru, 2200W, 1,7 ltr.



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



# „Bók sem breytir sögunni“

Maó, sagan sem aldrei var sögð, eftir Jung Chang og eiginmann hennar, fræðimanninn Jon Halliday, er komin út í íslenskri þýðingu Ólafs Teits Guðnasonar. Bókin er ein af umtöluðustu og umdeildustu ævisögum síðari ára. Þetta þrekvirki var tólf ár í smíðum og útkoman er ekki bara fróðleg ævisaga eins umdeildasta stjórnmálaleiðtoga 20. aldar heldur líka skemmtileg og grípandi lesning.

„Á að vera **skyldulesning** allra þeirra sem láta sig sögu 20. aldar einhverju varða.“

*Kolbrún Bergþórsdóttir, Blaðið*

„Biðin borgaði sig og væntingunum var mætt til fulls. Þessi bók er alger sprengja.“

*Chris Patten, The Times*


„Sagan sem þau segja er heillandi í hryllingi sínum, einhver kröftugasta og mest afhjúpanði pólitíska ævisaga síðari tíma... Fáar bækur beinlínis breyta sögunni, en þessi gerir það.“

*Georg Walden, Daily Mail*

„Chang og Halliday varpa nýju og afhjúpanði ljósi á flesta þætti í stórbrotnu lífi Maós. Stórfenglegt og tilkomumikið verk!“

*Michael Yahuda, Guardian*

Hjónin Jung Chang og Jon Halliday komu hingað til lands á Bókmenntahátíð í Reykjavík en gerður var sérlega góður rómur að máli þeirra.



3.

Allar bækur  
Eymundsson  
metsölulisti

Jung Chang er  
höfundur  
metsölubókarinnar  
Viltir svanir.



# VANDAÐAR ELDHÚSINNRETTINGAR

## SAMSETTAR OG ÓSAMSETTAR - gæði og frábær hönnun



BK eldhúsinnréttingar eru framleiddar og sérsníðnar að kröfum um nútíma eldhús, notagildi og flott útlit.

### ÓSAMSETTAR

BLUM mjúk lokun á öllum skúffum og skápahurðum er staðalbúnaður í öllum BK-innréttingum þú setur saman tilbúnar á lager glæsileg hönnun eitt hagstæðasta verð á markaðnum



Glæsilegar eldhúsinnréttingar frá einum stærsta og virtasta framleiðanda Danmerkur, TVIS Kökkener as sem stofnsett var 1952.

### SAMSETTAR

afgreiðslutími ca. 6 vikur  
mikið úrval litir og uppröðun  
nýjustu efnin glæsileg hönnun



**COUNTRY**  
Fulningur - hvítt lakkað, háglans



**DUCAE**  
Eik - innfelld handföng



**LINE**  
Hvítt lakkað háglans, handfangalaus



Eik á MDF

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)



- fyrir þitt heimili





# SALA ÚTSALA ÚTSALA U

# ÚTSALA UM LAND ALLT

## Handklæðaofnar

**30%**  
AFSLÁTTUR



**1.999**



**Stingsög, DWT**  
550W, framkast, hraðastilling  
5245277


**799**  
~~1.595~~



**Skrúfjárnasett, Toolux**  
22 stk.  
5010138

**790**  
kr/m<sup>2</sup>



**Plastparket, eik/hnota**   
7mm, 1.290x192 mm  
146878/146877

## Öll búsáhöld

**30%**  
AFSLÁTTUR



### ❖ 3 rafhlöður

**12.999**  
~~19.995~~



**Hleðsluborvél, Hitachi**  
12V, 3 rafhlöður 1,4 Ah, ljós og bitasett fylgir með, allt í tösku  
603400

**4.899**  
~~7.995~~



**Hringsagarsett**  
Áltaska, 32, 41, 51, 60, 73 og 83 mm  
5001078

## Öll málning

**25%**  
AFSLÁTTUR



Við berjum niður

# verððið!



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál

\*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjórnum vörum.



## ÍSLENSKT Í ÚTLÖNDUM

Jóna Björg Jónsdóttir hefur vakið athygli fyrir frumlega og þjóðlega hönnun en hún tók þátt í tiskusýningu í Rostock í Þýskalandi fyrr í mánuðinum.

TÍSKA 2



## BODY SHOP-ELDHUGINN

Anita Roddick, stofnandi Body Shop, lést nýlega en hún var umhverfisverndarsinni og ótull stuðningsmaður sanngjarnra viðskipta og reyndi alltaf að láta gott af sér leiða.

HEILSA 4



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

## Húsgagna Lagersala

Nú er stórkostlegt tækifæri til að gera góð kaup á húsgögnum til heimilisins.

Daglega nýjar vörur.



Erum í Dugguvogi 2  
s: 557-9510



Ragnheiður í nýja jakkanum sem er með tveimur stórum tölum og aðeins útvíðum ermum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Auglýsingasími

# 512 50 50



- Mest lesið

## Nýjasta flíkin flottust

Ragnheiður Óskarsdóttir, eigandi verslunarinnar Ilse Jacobsen á Garðatorgi í Garðabæ, á leðurjakkka sem hún er afar ánægð með.

„Nýjasta flíkin er yfirleitt í mestu uppáhaldi hjá mér hverju sinni og nú er það svarbrúni og sanseraði leðurjakkinn minn,“ segir Ragnheiður. Hún fór að

sjálfsgöðu ekki yfir lækinn til að sækja vatnið heldur keypti jakkann í eigin verslun. Þar eru vörur eftir fleiri hönnuði en Ilse Jacobsen og jakkinn góði er úr nýju haustlínunni frá hinni dönsku Naja Lauf. Spurð um helstu kosti jakkans svarar Ragnheiður: „Fyrir utan að vera nýr þá er hann flottur á litinn og klæðilegur við allt, kjóla, buxur og pils. Hann er líka úr góðu skinni og leður er „inn“ í vetur.“

- gun



SEPTEMBER

Kafbátur mánaðarins

# Skinkubátur

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu  
bátur

# kr. 299

Gildir í september 2007  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnunáli

Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.

Nánari uppl. á [www.subway.is](http://www.subway.is)



SUBWAY  
í fínu formi



## SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Eining sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa. **SENDUM Í PÓSTRÖFU.**

**Gullkistan** - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



Svipmyndir frá sýningunni í Rostock. Í fatnaði jbj design má sjá beina skírskotun til Íslenskrar náttúru hvað varðar liti og áferð. Sjá má sönduga skriðjökla, hrjúft hraunið og silkimjúkan mosann.

## Íslensk hönnun í Rostock

Jóna Björg Jónsdóttir hennar undir nafninu jbj design og hefur síðustu misseri vakið athygli fyrir frumlega og þjóðlega hönnun. Hún tók þátt í tísku-sýningu í Rostock í Þýskalandi fyrr í mánuðinum og vakti þar mikla lukku.

Tískusýningin var haldin í kirkju heilags Nikulásar sem byggð var árið 1350. Í dag er kirkjan aðallega notuð til sýninga- og tónleikahalds. Þessi tískusýning á vegum KwAgentur var haldin í áttunda sinn og voru um 500 manns viðstaddir sýninguna. En hvernig kom það til að Jóna Björg fór að sýna hönnun sína í Rostock?

„Skipuleggjendur sýningarinnar óskuðu sérstaklega eftir íslenskrri hönnun eftir að hafa séð íslensku fata- og vöruhönnunarsýninguna sem haldin var í Berlín í mars síðastliðnum. Mér var boðið að koma og sýna tíu fatasett úr ull og silki fyrir konur á öllum aldri og þáði ég boðið og hélt til Rostock fyrir rúmri viku,“ útskýrir Jóna Björg.

Þetta var í fyrsta sinn í sögu sýningarinnar sem íslensk fatahönnun var til sýnis og er skemmt frá því að segja að fatnaður Jónu Bjargar vakti mikla athygli og ánægju.

„Það var ævintýri líkast að sjá eigin framleiðslu á sviði í Norður-Þýskalandi. Umgjörðin var sérstaklega skemmtileg í þessari gömlu kirkju. Kynnir sýningar-

innar var þekkt þýsk leikkona og hún lýsti því hvernig fatnaðurinn bæri liti og áferð íslenskrar náttúru og væri að mörgu leyti eins og landslagsmálverk,“ segir Jóna Björg stolt.

Jbj design framleiðir dömulinu fyrir konur á öllum aldri og eru vörurnar framleiddar úr ull og silki. Efnið er útbúið um leið og flíkin og minnir ferlið því svolítið á skúlptúragerð eða leirvinnslu. Hver flík er einstök og engar tvær eins. Við framleiðslu er notað vatn, hiti, núningur og hrein íslensk jurtasápa sem inniheldur eingöngu náttúruleg efni sem brotna auðveldlega niður. Engir mengandi þættir koma við sögu og er þetta því afar umhverfisvæn framleiðsla. Auk þessa er allt silkið fengið með sanngjörnum viðskiptum eða „fair trade“ þar sem allir sem koma að framleiðslunni fá borgað fyrir vinnu sína.

Jóna Björg hefur ýmislegt á þrjú árin sínum og sagði hún okkur frá því helsta.

„Núna á laugardaginn verður opnuð sýning í Gerðubergi, „Handverkshefð í hönnun,“ og mun ég taka þátt í henni. Síðan tek ég þátt í Ráðhúsmarkaðnum í annað sinn,“ segir Jóna Björg. Hægt er að skoða vörur jbj design betur á heimasíðunni [www.jbj.is](http://www.jbj.is) og heimsækja gallerí og verslun í Skólagerði 5.

[hrefna@frettladid.is](mailto:hrefna@frettladid.is)

Úr 2007-línu Jónu Bjargar.



Jóna Björg Jónsdóttir



Nýtt á Íslandi! NO STRESS

Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. **S. Gunnbjörnsson ehf.**

**NÝTT**

Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flexitol

Útsöluastaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.

**Flottir leðurjakkar á góðu verði**

**Drangey**

Smáralind, sími 5288800, [www.drangey.is](http://www.drangey.is)

Úrval af glæsilegum skinnhönskum fyrir dömur og herra. Verð frá kr. 2.300.

kr. 5.100.-

th.is

**Tísku og hantakabúðin ehf.**

Reykjavík, Sími: 551-3160

## COMB & CARE

Sjampó og næring til varnar flóka


- Mild formúla sem sviður ekki undan.
- Sterkt flókavarnarefni fyrir sitt hár.
- Hárið verður hreint, mjúkt og viðráðanlegt.
- Endingargóður ilmur.

Flókasprey og flókahárkrem

- Verndar raka hársins með B5 vitamíni.
- Fjarlægir flóka, auðveldar greiðslu og verndar hreinlæti hársins.
- Endingargóður ilmur.

Auðvelt í notkun – frábær árangur (Lúsaforvörn) Lúsin helst síður í vel hirtu hári. Inniheldur rósarmín sem fælir lúsina frá.

Fæst í apótekum um land allt.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Guðlegar verur á leikvangi

París lifir og hrærist í kringum ruðningsíþróttina þessa dagana og verður svo líklega áfram í nokkrar vikur. Það er ekki aðeins íþróttameistarinn sem er undirlagður af heimsmeistarakeppninni í ruðningi sem hófst hér 9. september og stendur til 20. október. Barir sýna beint frá leikjum keppinnar og við Ráðhús Parísar er nú risaskjár þar sem fólk kemur saman til að fylgjast með leikjunum. Meira að segja tíska snýst í kringum þessa íþróttagrein en milljónir evra skipta um eigendur í kringum keppnina og þúsundir erlendra gesta koma til landsins til að fylgjast með. Það sem best selst eru treyjur liðanna, þeirra sem frægust eru eins og hinna nýsjá-lensku All blacks, koska liðsins, þess ástralska og svo auðvitað þess franska, enda á heimavelli. Treyjurnar eru bókstaflega rifnar út og svo mikil sala er í þeim að búðirnar tæmast. Hjá Nike, svo dæmi séu tekin, eru derhúfur og bolir í litum franska landsliðsins en Adidas veðjar á All blacks með Haka-bol. Hjá Puma er það bleikur „rugby-kjöll“ í pólo-stíl sem öllu breytir. Gucci hefur hannað ruðningspeysu og Eden Park hugsar um hvað eigi að nota eftir leikinn en þá er ómissandi að vera í ruðnings-blazer líkt og liðin nota við opinber tækifæri.



En það er ekki aðeins á fatnaðinn sem heimsmeistarakeppnin hefur áhrif. Lífsstílsbúðirnar eins og Chez Colette blanda sér sömuleiðis í slaginn. Hjá Colette er hægt að fá sérhannaðan Colette-bolta frá Ralph Lauren í takmörkuðu upplagi. Það er einnig hægt að nota ruðnings-fylgihluti eins og armband úr leðri með demantsskreyttum flöngum silfurbolta eða þá hálsmen. Þeir sem hugsa um keppnina daga og nætur geta setið í Roche Bobois sófa með „boltapúðum“. Tuttugu og einn tiskuhönnuður hefur sömuleiðis hannað hver sína útgáfu af ruðningsboltum með eðalsteinum og úr ýmsum efnum sem eru sýndir í París en verða svo seldir á uppboði á næsta ári og rennur ágóðinn til líknarmála.

Nokkur ár eru síðan franska landsliðið í ruðningi gaf út fyrsta almanakið þar sem liðsmennirnir sitja fyrir á adamsklæðum. Þetta er nú orðinn árviss viðburður og sífellt djárfari still á myndunum og hugmyndaflug-ið látið leika lausum hala við tókurnar. Og hvað er rökréttara en að setja í framhaldi af þessu á markaðinn snyrtivörur undir sama heiti svo allir geti líkst „les Dieux du Stade“, (guðum leikvangsins). Síðasta afrek guðanna er svo tiskubáttur í sérstakri glansútgáfu l'Équipe sem er stærsta íþróttadagblað landsins með því flottasta í herratískunni því guðirnir eru nú tákn nútíma karlímyndar, hárlausir, oliubornir, með magavöðva eins og Sírius-súkkulaðistykki.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki

**KÁPUR**  
str.36-56

Bæjarlind 6 • s. 554-7030

**Skýjabörn**

Full búó af  
frábærum haustvörum  
frá Cakewalk, Jeep og  
Ticket to Heaven

JEEP  
BÚÐ-VEIÐ 18-19  
LEIÐGAFIL 12-16

STRANDGÖTUN 20  
FALMAR 11-13

Auglýsingasími  
**512 50 50**

Mest lesið

## Vel gyrtir gaurar

Um nokkurt skeið þótti óhefð-bundið og flott að karlmenn væru með skyrtuna utan yfir buxurnar en nú er það alveg búið.

Allir karlmenn ættu nú að gyrða skyrtuna ofan í buxurnar og verða snyrtilegri og huggulegri fyrir vikið því það er ekki lengur fínt að sjá fullorðna menn með skyrtuna upp úr buxunum og þá allra síst ef hún er sérstaklega ætluð ofan í buxurnar. Það sleppur alveg að vera með skyrturnar utan yfir hversdagsfatnað eins og gallabuxur en þegar jakkaföt og annar fínni fatnaður er annars vegar verður þetta hálfkjánalegt og engan veginn til þess fallið að fela ístruna eins og sumir telja.



Nú er málið að gyrða sig almennilega og hafa skyrtuna ofan í buxunum.

## Sveigð, löng og þétt

Lengir, greiðir og brettir upp á augnhárin.

Virtuöse, kallast maskari frá Lancôme sem nýlega kom á markað. Áferðin er létt, hann þekur augnhárin vel og aðskilur þannig að þau verða fallega sveigð, löng og þétt. Samkvæmt upplýsingum frá heildsölu kemur fram að konur noti um sjötfjú strokur við að setja maskara á augnhárin, aðallega til að lengja þau og að þetta hafi verið haft að leiðarljósi



við framleiðslu á Virtuöse.

Hár burstans eru öll mislöng og grípa vel í hvert og eitt augnhár og burstinn er sveigður sem gerir auðvelt að ná vel að rótum augnháranna. Sem sagt, ágætis vara frá snyrtivörurisanum Lancôme.

-mhg

Skemmtileg sveigja einkennir umbúðir nýja maskarans frá Lancôme, en honum er einmitt ætlað að bretta upp á augnhárin.

**SAND**  
WOMAN

ný vara

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141



„Yndisleg tónlist fyllir loftið, blóm og kertaljós,“ segir Marta um stemninguna í orkuríki gleðihelgi undir Jökli.

## Fyllt á gleðikútana

LEIKFIMIGALLI, SUNDBOLUR, DANSPILS, SLÆÐUR, VARALITIR OG MARGS KONAR SKRAN OG SKRAUT. ALLT PASSAR ÞETTA VEL Í TÖSKUR ÞEIRRA KVENNA SEM HALDA VESTUR Á SNÆFELLSNES SÍÐUSTU HELGINA Í SEPTEMBER Á ORKURÍKA GLEÐIHELGI UNDIR JÖKLI.

„Við ætlum að njóta þess í kvennahópi að leika okkur. Opna fyrir kvenleikann, gyðjuna og okkar innri ráðgjafa,“ segir Marta Eiríksdóttir, kennd við Púlsinn, um kvennaferð sem hún stendur fyrir vestur á Snæfellsnes 28. til 30. september. Hún segir helgina verða endurnærandi og æðislega þar sem konur á öllum aldri fylli gleðikútana. „Það verður dekrað við okkur á allan hátt. Yndisleg tónlist fyllir loftið, blóm og kertaljós. Við opnum fyrir gleðina, verðum jákvæðar, líflegar og ánægðar með okkur,“ segir Marta og tekur fram að engin úr hópnum þurfi að hafa áhyggjur af eldamennsku því Dóra Emils yndiskokkur muni reiða fram dýrindis gömsæta grænmetisrétti. Síðan kemur stutt lýsing á dagskránni.

„Við byrjum daginn á því að opna fyrir flæðið í jóga-leikfimi. Förum í dansjoga og dönsu orkudans, stillum orkustöðvarnar, komum okkur í jafnvægi, förum út að ganga og inn að hvílast. Eftir sundsprett í heilunar-útsundlauginni með ölkelduvatninu og dorm í heitum pottum opnum við fyrir gyðjudansinn, syngjum, segjum sögur og styrkjum okkur í gegnum fjörgar uppbyggilegar leiklistaræfingar, hlátur og gleði.“

Marta segir enn nokkur pláss laus í ferðina en nánari upplýsingar og skráningu á heimasíðunni [www.pulsinn.is](http://www.pulsinn.is)

-gun

**Stinnari á 4 vikum...**  
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE System belti fyrir kvíðvöðva **dömu / herra** kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717  
[www.hreysti.is](http://www.hreysti.is)  
eða 6.660 á mán. í 3 mán.

**UPLIEDGER INSTITUTE ISLAND**

**Upledger Stofnunin á Íslandi heldur byrjendanámskeið í höfuðbeina og spjaldhryggjarmedferð, CSTI, 4.-7.október næstkomandi í Reykjavík.**

Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótél Sögu. Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi. Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á [www.upledger.is](http://www.upledger.is)

**ENGLAKRÖPPAR**

**Við hjálpum þér að komast í form!**

Við losum þig við appelsínuhúð slit, slappa húð & aukakíló 4, 6 og 8 vikna áttak í boði Súkkulaðisvax, Brasilískt vax, Gel neglur, Fake bake brúnkumeðferð

Frábær tilboð á [www.englakroppar.is](http://www.englakroppar.is)

ENGLAKRÖPPAR / LANGARIMA 21 / S: 587 3750

# Eldhugi og frumkvöðull

**Dame Anita Roddick, stofnandi Body Shop-keðjunnar, lést 10. september síðastliðinn úr heilablóðfalli einungis 64 ára að aldri. Vert er að skoða lífshlaup þessarar merku konu og frumkvöðuls.**

Anita Roddick fæddist árið 1942 og ólst upp í Littlehampton í Sussex, í nágrenni Brighton. Hún var næst- yngst af fjórum systkinum. Móðir hennar var innflytjandi af ítölskum ættum en faðir hennar var frá Bandaríkjunum. Þegar Roddick var átta ára skildu þau og móðir hennar giftist frænda pabba hennar.

Þegar Roddick var tíu ára dó stjúpaðir hennar. Átta árum síðar fékk hún að vita sannleikann um uppruna sinn. Henry, stjúpaðirinn, var raunverulegur faðir hennar.

Á fimmta áratugnum fékk Roddick inngöngu í Guildhall School of Music and Drama en afþakkaði boðið og hætti við að gerast leikkona. Hún stundaði nám í þrjú ár við Newton Park College of Education í Bath þar sem hún lærði ensku, sögu og fagurfræði.

1962 fékk Roddick skólalstyrk til að rannsaka börn á samyrkjubúum í Ísrael. Dvölinni lauk hins vegar snögglega þegar Roddick var rekin af samyrkjubúu vegna hrekks sem hún átti þátt í með nemendum sínum. Eftir það ferðaðist hún á puttanum um Ísrael áður en hún sneri aftur til Bretlands til að ljúka námi sínu í Newton.

Eftir að hafa unnið ýmis störf ferðaðist Roddick um Tahítí, Vanúatú, Nýju-Kaledóníu, Réunion, Madagaskar, Míritús, Ástralíu og Jóhannesarborg. Hún var rekin frá Suður-Afríku eftir að hún hafði farið í djassklúbb á „svörtu kvöldi“ og óhlýðnast þar með aðskilnaðarlögnum.

1971 giftist hún Gordon Roddick en þá var hún ófrísk af öðru barni þeirra. Þau hjónin áttu og ráku veitingastað og hótél og ekki leið á löngu þar til þeim fannst þau vera útbrunnin og að breytinga væri þörf. Þá fór Gordon með samþykki



Anita Roddick, stofnandi Body Shop-keðjunnar, var mikill frumkvöðull bæði innan snyrtivöruheims og í viðskiptum almennt.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Anitu til Búenos Aíres til að ríða hesti þaðan til New York og Anita þurfti að sjá fyrir sér og börnunum.

Út frá því fór Roddick að prófa sig áfram með umhverfisvænar snyrtivörur. Hún opnaði fyrstu verslun sína í Brighton árið 1976 með einungis fimmtán vörumerkjum sem hún pakkaði í fimm mismunandi stærðir svo úrvalið liti út fyrir að vera meira. Auk þess hafði hún tekið eftir að það vantaði snyrtivörur í litlum umbúðum.

Verslunin gekk vel og þegar eiginmaður Roddicks sneri aftur úr tíu mánaða ferð sinni hafði hún opnað aðra verslun og viðskiptavinir voru að spyrjast fyrir um hvort þeir mættu opna sitt eigið Body Shop-útibú. Roddick-hjónin fengu þá einkaumboð fyrir Body Shop og þá varð ekki aftur snúið.

Body Shop var frá upphafi mjög ólíkt öðrum snyrtivöruyrirtækjum. Roddick-hjónin vildu skapa hagnað eftir ákveðinni lífsspeki (profits with principles). Þau vildu ekki bara græða heldur láta líka gott af sér leiða í félagsmálum og umhverfisvernd og voru þau ötulir stuðningsmenn samgjarra viðskipta.

Body Shop

hefur vaxið gífurlega frá því að vera ein lítill „hippabú“ í Englandi yfir í að vera alþjóðlegt fyrirtæki. Árið 1993 var Anita Roddick ein af fimm ríkustu konum Englands og hlaut hún fjöldamörg verðlaun fyrir starf sitt. Árið 2003 sæmdi Elísabet Englandsdrottning hana aðalstign.

Í ársbyrjun 2007 greindi Roddick frá því að hún væri með lifrabólgu C sem hún hafði fengið þegar henni var gefið blóð er hún eignaðist yngstu dóttur sína árið 1971. Hún var einnig með skorpulífur sem er algengur fylgikvilli lifrabólgu.

9. september síðastliðinn var Roddick lögð inn á sjúkrahús vegna mikilla höfuðverkja og lést hún daginn eftir úr heilablóðfalli einungis 64 ára gömul.

Hér er stiklað á stóru í lífi þessarar merku manneskju. Anita Roddick var hugsjónamanneskja sem lagði mikið af mörkum til umhverfisins og hefur saga hennar reynst mörgum innblástur. Þrátt fyrir að ævi hennar sé nú lokið lifir sú arfleifð sem hún skildi eftir sig.

hrefna@frettabladid.is



Litrikar og leikandi vörur frá Body Shop sem eru ágætis dæmi um þá lífsgleði og speki sem Roddick vildi að fylgdi sínum vörum.

**Sóttþreinsandi blautklútar**

Leif þema þetta í huggvélum

Flensa  
Áblástur o.fl.  
Kvef  
Sveppasýking  
Fuglaflensa  
Blöðrubólguþýking  
Meltingarsýking

KILL 99,8% GERMS\*  
FDA Approved

Vörn gegn bakteríum, vírusum og sýklum

PREVEN'S PARIS  
100% BIODEGRADABLE  
\*Complies with EN 1500

Grillo  
S.p.A



# Grillo burðarvagnar

Hjá DeDion færðu breiða línu sláttuvéla og burðarvagna á beltum og hjólum. frá hinum þekktu smávélaframleiðanda Grillo á Ítalíu.

**Auðveldaðu þér verkið. Auktu á hagkvæmni í rekstri með Grillo vinnuvélum.**

Tækin frá Grillo eru einstaklega vel hönnuð og hugsuð til að vinna sem best með stjórnandanum. Við hönnunina er einnig tekið tillit til aðgengis þegar þjónusta þarf vélna, það styttr tímenn sem vélin þarf að vera frá störfum vegna viðhalds. Grillo vélnar smellpassa fyrir landbúnað, golfvelli, íþróttasvæði og verktaka. Hafðu samband við DeDion. Veldu Grillo fyrir öruggari rekstur.

Aflaðu þér nánari upplýsinga  
Kíktu á netið: [www.grillo.is](http://www.grillo.is)

DeDion | Draupnigötu 7L | 603 Akureyri  
Sími 462 6900 | [dedion@dedion.is](mailto:dedion@dedion.is) | [www.dedion.is](http://www.dedion.is)

**DeDion**  
Smávélar & Þjónusta

# nýir bílar

FIMMTUDAGUR 20. SEPTEMBER 2007

Umhverfisvænar vélar

Allir Saab-bílar nú með etanólvél.

BLS. 2



FRETTABLAÐIÐ/ANTON



## Parftu betri bíl?

Parftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalan // Einkaleiga



LYSING.IS // 540 1500

01 - 9181



Audi kemur með tvinnbíl á næsta ári með rafgeymi án nikkels.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Mengunarvarnir alltaf að aukast

Í nóvember býður Hekla upp á umhverfisvænni Audi þegar A3 sportsback (e) kemur til landsins.

„Hingað til hefur verið hægt að fá Audi A3 sportsback, en ekki þennan sérstaklega umhverfisvæna. Núna er hann á leiðinni og við nafnið bætist e, sem stendur fyrir environmental eða umhverfisvænn,“ segir Guðmundur Ingi Gústavsson, vörustjóri Audi, hjá Heklu-umboðinu.

Nýi Audi-inn uppfyllir mengunarstaðla Evrópusambandsins sem taka gildi árið 2012 og að sögn Guðmundar er undirbúningur þegar hafinn hjá Audi.

„Fólk sýnir mengunarvörnum mikinn áhuga um þessar mundir og sérstaklega vegna aukinnar umræðu í fjölmiðlum. Nýi Audi-inn nær lágmarki fyrir þessa nýju staðla, sem eru hundrad og nítján grömm af koltvísýringsútblastri að

meðaltali fyrir hvern ekinn kílómetra og fær þar af leiðandi frítt í níutíu mínútur í stöðumæla hjá Reykjavíkurborg,“ segir Guðmundur sem mun afhenda þeim sem tryggja sér bílinn klukkuskífu sem er skráð á númer bílsins og gengur í stæði borgarinnar.

Ásamt umhverfisvæna A3 sportsback er einnig væntanlegur Hybrid-bíll, eða tvinnbíl sem kemur til landsins seinni hluta árs 2008. Sá er að sögn Guðmundar ólíkur öllum öðrum tvinnbílum. „Rafgeymirinn gerir þennan bíl frábrugðinn öllum öðrum tvinnbílum því það er ekkert nikkel í honum. Sá málmur er eitt eitradasta efni sem til er og það er bæði kostnaðarsamt og erfitt að brjóta það niður og eyða því,“ segir Guðmundur og bætir við: „Nýi Audi A3 sportsback e er svo með sótagnasíu eins og allir dísilbíllarnir okkar, sem hefur mikið að segja fyrir hreinni útblástur og þar af leiðandi umhverfið í heild.“

# Nýir Saab fáanlegir með etanol-vélum

Saab hefur boðið upp á etanol-bíla í Svíþjóð síðastliðin tíu ár. Núna eru bílarnir komnir til Íslands og í vikunni var opnuð fyrsta etanol-eldsneytisstöðin.

„Saab hefur mikla sérstöðu því allar tegundir bílanna fást með umhverfisvænum etanol-vélum sem hlíta svokallaðri „Bio Power“-tækni. Saab-framleiðendurnir eru fyrst og fremst flugvélaframleiðendur og búa því yfir mörgum tækninýjungum sem nýtast við þróun og framleiðslu á umhverfisvænni bílum,“ segir Loftur Ágústsson, markaðsstjóri hjá Ingvari Helgasyni, sem flytur inn Saab-bíla á Íslandi.

Hann segir Saab hafa byrjað með etanol-vélarnar í Svíþjóð fyrir um tíu til fimmtán árum og nú eru þær komnar til Íslands. „Framboð af Saab með etanol-vélum eru okkar framlag til umhverfisvænda. Eina vandamálið er bara að það er aðeins ein stöð héraðs, sem var opnuð hjá Ólís í Álfrheimum í Reykjavík í vikunni. Þar er hægt að kaupa þetta eldsneyti og okkar von og trú er þess vegna að stjórnvöld hvetji fólk til að fjárfesta í umhverfisvænum bifreiðum, lækki tolla og sjái til þess að gott framboð verði á umhverfisvænu eldsneyti. Aðgengi að eldsneytinu er forsenda fyrir breytingum til frambúðar,“ segir Karl Steinar Óskarsson, sölustjóri hjá Ingvari Helgasyni.

„Bio Power“-vélar eru smíðaðar til notkunar á fjölþættu og umhverfisvænu eldsneyti. Þær geta notað bæði venjulegt bensín og



Karl Steinar Óskarsson, sölustjóri hjá Ingvari Helgasyni, við Saab 9-5 með etanol-vél.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

svokallað náttúruetanól sem í daglegu tali er kallað E85 vegna hlutfallanna sem er áttatíu og fimm prósent hreint etanol blandað við fimmtán prósent af hefðbundnu bensíni.



Vélarnar draga úr útblæstri koltvísýrings sem nemur allt að sjö tíu prósentum miðað við bíla með hefðbundnar bensínvélar og að sögn Karls Steinars sparar meðalökumaðurinn rúmlega þúsund lítra á ári.

„Fólk er gríðarlega forvitnið um

aðra eldsneytisvalkosti og vill gjarnan leggja sitt af mörkum til náttúruverndar. Skoðanir ökumanna eru hins vegar lítið mótaðar og þeir eru enn að gera upp við sig hvers konar tegund henti. Tvinnbíl, etanol-bíll og svo framvegis,“ segir Loftur sem bætir við að hestöflin verði jafn mörg og akstursegginleikar jafn góðir með tilkomu etanol-vélanna.

„Eina breytingin sem þarf að gera á vélbúnaðinum sjálfum eru endingarbetri ventlar og ventlasæti, auk þess sem þarf að bæta eldsneytiskerfið til að þola betur náttúruvæna etanolíð, þar á meðal sjálfan eldsneytistankinn, dælur, eldsneytislagnir og tengi. Einnig geta ökumenn sem aka Saab með „Bio Power“-vélum einfaldlega notað bara bensín ef E85 náttúruetanól er ekki tiltækt,“ segir Loftur.

rh@frettabladid.is

## Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?

**DÍÓÐULJÓSin FRÁ OKKUR ERU:**



ORKUSPARANDI  
ÓBRJÓTANDI  
10.000 KLST. ÁBYRGÐ  
PASSA FYRIR ALLAR  
GERÐIR VÖRU- OG  
FLUTNINGABÍLA



**et** EFF VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík  
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósín frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...



**TRUCK - LITE**  
Ljósasamlökurnar frá okkur eru:  
ÓBRJÓTANDI  
HÖGGPOLNAR  
ENDAST OG ENDAST



## Bónað og fínt

Nýir bílar njóta sín best þegar þeir eru hreinir og fínir.

Á veturna er aukið álag á lakkíð, vegna tjöru, bleytu og frosts ásamt salti á vegum. Og þess vegna er mikilvægt að bóna bílinn vel.

Bónið gerir ekkert gagn á óhreinum bíl og einnig borgar sig að gera ráð fyrir þvotti og bóni einu sinni í mánuði yfir vetrartímann svo að bíllinn komi fallegur og heill undan vetri.

Einnig er gott að þrifa bílinn vel að innan og jafnvel bera vatns-hrindandi efni á rúður. Þrifa rúðuburrkur, dekk og felgur með tjöru-hreinsi og smyrja þéttigúmmín í hurðunum til þess að hurðirnar frjósi ekki fastar. Þetta þarf síðan að endurtaka reglulega fram á vor.






**KYRON**



Glæsileg og sérlega þægileg innrétting



Byggður á grind með hátt og lágt drif



Dísil vél tog 310 Nm, Sjálfskiptur.

## Alvöru dísil jeppi fyrir íslenskar aðstæður



Hinn nýi KYRON er fullvaxinn jeppi með **hátt og lágt drif**, byggður á grind og er stærri en ætla má við fyrstu sýn. Tækninýjungar eru fjölmargar og skila sér í **einstakri nýtingu á afli og frábærum aksturseiginleikum**. Sjón er sögu ríkari - komdu til okkar á Tangarhöfðann, þú verður ekki fyrir vonbrigðum með þetta vel varðveitta leyndarmál. **Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í jeppa í dag!**

Hluti staðalbúnaðar:			
Dísil Túrbó Intercooler	Loftkæling	Cruise Control	Álfelgur og 31" Toyo dekk
5 Gíra sjálfskipting SideTronic	Sjálfvirk miðstöð	Litaðar rúður	Leður stýri



Tangarhöfða 8-12  
112 Reykjavík  
Sími 590 2000



Helga Guðrún Jónasdóttir, kynningarstjóri hjá B&L, segir xDrive, aldrifskerfið frá BMW, nú fást í sport- og fólksbílum frá BMW.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Háþróað aldrif fyrir BMW bíla frá B&L

Jepparnir frá BMW framleiðendunum voru þeir einu sem voru með xDrive er aldrifskerfið. Nú fá sport- og fólksbílur frá BMW einnig að njóta sín til fulls.

„X-Jeppalínan frá BMW, var sú fyrsta sem fékk að njóta xDrive kerfisins. Núna er það hinsvegar einnig fánlegt fyrir sport- og fólksbíla frá BMW framleiðendunum,“ segir Helga Guðrún Jónasdóttir, kynningarstjóri hjá B & L, Bifreiða og landbúnaðarvélum. Helga Guðrún segir xDrive kerfið tryggir hámarksveggríp öllum stundum og henti því gríðarlega vel fyrir íslenskar aðstæður.

„BMW framleiðendur fóru

mjög sérstaka leið í þróun á aldrifskerfinu og í staðinn fyrir hið hefðbundna 4x4 nafn er það xDrive sem varð fyrir valinu,“ segir Helga Guðrún og bætir við: „Drifkerfið nánast hugsar fyrir öku-manninn öllum stundum á ferð. Þetta er algjörlega skynvætt aldrifkerf sem er mjög þróað og hefur gríðarlega virkan skynbúnað. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni hvort og í hvað miklu magni bíllinn grípur til aldrifsins,“ segir Helga Guðrún, hún segir jafnframt ekkert drifkerfi vinna hraðar en xDrive og það sé fyrst og fremst hraðinn í vinnslunni sem geri kerfið jafn fullkomið og raun ber vitni.

„Kerfið er rosalega fljótt að átta

sig á aðstæðum á vegum úti. Síðan miðlar það afli á milli hjóllanna þannig að hámarksveggríp nýtist alltaf. Um leið og einhver viðbót-arhreyfing kemur á hjólið byrjar bíllinn að miðla afli milli þeirra hjóla sem ná bestu viðspyrnunni,“ útskýrir Helga Guðrún og segir að þetta gerist á sekúndubroti.

„Þetta er að mínu mati mjög athyglisverð þróun hjá BMW framleiðendum enda eru þeir smá saman að festa xDrive-kerfið inn í sport- og fólksbílalínuna líka,“ segir Helga Guðrún og nefnir sem dæmi að nýja Coupé-sporttýpan af þristinum frá BMW framleiðendunum sem nú er fánleg með xDrive kerfinu.

sigridurh@frettabladid.is

## Litskrúðug felgutíska

Jóhannes Jakobsson, umsjónarmaður aukahluta hjá B&L, segir nýjustu tískuna vera litaðar felgur. Þá segir hann mikilvægt að bóna felgurnar með sérstöku felgubóni.

„Það er í raun aðallega útlitið á felgunum sem breytist á milli ára,“ segir Jóhannes. Nú séu dökkir litir með póleraðri framhlið allsráðandi. „Það sem er vinsælast í dag eru dökkir litir eins og svartur og dökkgrár í stað silfurlituðu háglans felganna sem hafa verið ríkjandi í mjög langan tíma,“ segir hann og nefnir einnig að rauðar, gular og bleikar felgur séu fánlegar. „Nú er þetta orðið þannig að það er mikil fjölbreytni í felgunum og takmarkað upplag af hverri tegund,“ segir Jóhannes.

Um viðhald á felgum segir Jóhannes að forvörnin skipti miklu máli. „Felgubónið sem við erum með er hannað til að halda frá bremsuryki og auðveldar þrífing töluvert,“ segir hann og bendir á að ekki sé æskilegt að nota sterka efni og uppþvottabursta á felgurnar því slíkt eyði lakkinu sem er yfir póleringunni. „Í raun á maður ekki að nota neitt á felgurnar sem maður myndi ekki nota á lakk- ið á bílnum,“ segir hann og nefnir svampa og sérstaka bursta sem hannaðir eru fyrir felgur. „Þessir sérhönnuðu burstar eru með bursta allan hringinn til þess að felgurnar rispist ekki. Síðan eru notuð sömu efni á felgurnar og bíllinn eins og tjóruhreinsir og slíkt,“ segir Jóhannes.

sigridurh@frettabladid.is



Mikilvægt er að forverja felgurnar með bóni, sem gerir það að verkum að þær hrinda frá sér óhreinindum og gera þríf og viðhald auðveldari.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Felgur er nú hægt að fá í hinum ýmsu litum og nefnir Jóhannes Jakobsson liti eins og svartan, rauðan og bleikan sem séu nú fánlegir á þær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# ÞURRKUBLÖÐ

Er bíllinn klár fyrir veturinn?  
Við erum með mesta úrvalið af aukahlutum fyrir bílinn.

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200
WWW.N1.IS



## Dagljósabúnaðinn í lag fyrir veturinn

Aðalljós allra bifreiða eða sérstök dagljós eiga vera kveikt á ferð.

Margir nýir bílar koma ekki með dagljósabúnaði og því er nauðsynlegt að vera á varðbergi. Að sögn umferðardeildar Lögreglunnar í Reykjavík dugir ekki að nota stöðuljós eða þokuljós í stað aðalljósa. Þau á aðeins og nota við sérstakar aðstæður.

Sekt fyrir ljósleysi nemur 5 þúsundum kr og þegar aðalljósin eru ekki kveikt. Þá gildir sama hvort önnur ljós eru til staðar eða ekki.

Langflestir bílar keyptir á Íslandi eru með þennan dagljósabúnað. Fyrir ökumenn bíla sem eru án hans getur þetta hinsvegar gleymst, til dæmis hjá þeim sem eiga sérinnflutta bíla.

Í staðinn fyrir að lenda í sekt og jafnvel valda slysi í komandi skammdegi getur þessvegna borgað sig að láta setja dagljósabúnað í bílinn. Þetta tekur aðeins nokkra tíma og kostar á bilinu tíu til fimmtán þúsund á næsta bílaverkstæði.

-rh

# X3

## BMW xDrive



### BMW Xdrive - skynvædda aldrifskerfið frá BMW.

Gerðu frábær kaup og sérpantaðu fyrstu eintökin af BMW X3 2.0d Lux sjálfskiptum á kr. 4.990.000

### NÝR BMW X3 2.0d með BMW xDrive og sjálfskiptingu.

Fátt er ánægjulegra, en að komast óhindrað leiðar sinnar, sér í lagi á verulega vandförnum leiðum. Upplifðu BMW X3 með nýja tveggja lítra 4 cyl. díselvél, sem státar af auknu afli eða **177 hö** þrátt fyrir **minni** eldsneytisnotkun eða aðeins **6.5l/100 km** (í blönduðum akstri). Og þar sem **BMW X3 2.0d er nú einnig fáanlegur með sexþrepa sjálfskiptingu**, verður akstursánægjan enn ósviknari. BMW xDrive, skynvædda aldrifskerfið, tvinnar jafnframt saman framúrskarandi aksturseginnleika, rásfestu og veggrip og þér er því ekkert að vanbúnaði við, að komast leiðar þinnar á eins þægilegan og öruggan hátt og kostur er.

BMW X3 línan

[www.bmw.is](http://www.bmw.is)



Sheer  
Driving Pleasure

#### X3 Luxus

Málmklakk lakk, 17" álfelgur, leðurinnrétting, leðurklætt sportstýri, Servotronic léttstýri, aðgerðastýri (m/skriðstilli), hiti í framsætum, viðar- eða álinnrétting, tölvustýrð miðstöð m/loftkælingu, hvít stefnuljós, BMW geislaspilari og BMW mottur.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - [www.bl.is](http://www.bl.is) - [www.bmw.is](http://www.bmw.is)



Með bílinn handa þér

# Hentar jafnt fyrir njósnara sem fjölskyldur

Brimborg frumsýnir á næstunni nýjan Ford Mondeo sem er kominn í glænýjan og betri búning. Hann er með stórbættan öryggisbúnað og skemmtilegar nýjungar í aukabúnaði.

„Nýjasti Ford Mondeo árgæð 2008 er nýkominn og verður frumsýndur fyrstu helgina í október. Þá tjöldum við öllu sem til er og verðum með stórsýningu í Brimborg Reykjavík og á Akureyri,“ segir Gísli Jón Bjarnason, sölustjóri Ford hjá Brimborg Reykjavík.



Gísli Jóni Bjarnasyni sölustjóra Brimborgar finnst ekki verra að sjá Bond á Ford. Gaman að Ford sérblað nýjir bílar

Nýjasta útgáfan af Ford Mondeo er gjörbreytt frá fyrirrennara sínum og að sögn Gísla Jóns er nafnið eiginlega það eina sem þeir Ford-félagarnir eiga sameiginlegt í dag.

„Nýi Ford Mondeo-inn er stærri og með vandaðri frágang að öllu leyti, ásamt því að allur öryggisbúnaður er mun betri og þróaðri,“ segir Gísli Jón og bætir við: „Það eru sex öryggisþúðar í bílnum, sem er mikil nýjung. Þeir eru eins og venjulega í framsætinu en einnig á hliðum og fyrir hné ökumanns enda verða hnén oft fyrir hnjaski ef óhapp verður. Síðan eru sérstakar öryggisgardínur sem falla niður við hliðarárekstur og verja farþega í fram- og aftursæti.“

Annar nýr aukabúnaður sem Gísli Jón nefnir er nálægða- og hraðaskynjarar bæði að framan og aftan. Þeir vekja athygli á bílum sem nálgast og geta dregið úr hraða ef ökumaður til dæmis nálgast aðra bifreið sem keyrir hægar.

Einnig eru halógen-aðalljós sem beygja með bílnum, lykllaust aðgengi með starthnappi þar sem nóg er fyrir ökumann að vera með lykil í vasanum til að ræsa bílinn, útdraganleg gólf í farangursrými á skutbils-útfærslunni. Þá má nefna Sony-hljómtæki fyrir sex diska,



Nýjasti Ford Mondeo er með skemmtilegar nýjungar sem verða frumsýndar fyrstu helgina í október.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sólarvörn og regnskynjara í framrúðu, kælingu í hanskahólfi og ofnæmisprófuð áklæði, ásamt stillanlegri fjöðrun eftir akstursaðstæðum.

Ford Mondeo er mikill fjölskyldubíll en að sögn Gísla Jóns er bíllinn orðinn sportlegri og hópurinn sem velur bílinn að yngjast. „Flestir vilja forvitnast um mengunarvarnir og eyðslu á eldsneyti þessa dagana. Þess vegna

er einstaklega gaman að geta þess að bíllinn stóð sig sig frábærliga í stóra kappakstrinum sem fór fram á dögnum í tilefni Samgönguvikunnar. Síðan eru líka erlend bílublöð farin að bera hann saman við mun dýrari bíla í lúxusbílaflokki. Þar hefur hann verið að keppa við Mercedes Benz og staðið sig mjög vel,“ segir Gísli Jón og nefnir í því samhengi nafntogaðan smekkmann sem ferðað-

ist um á bílnum í Evrópu ekki alls fyrir löngu.

„Daniel Craig keyrði á Ford Mondeo sem James Bond í nýjustu myndinni Casino Royale, á leið frá flugvælinum. Í tilefni myndarinnar varð einum erlendum blaðamanni að orði að bíllinn væri svo fallegur að hann hefði fengið að leika í James Bond. Það er ansi gott,“ segir Gísli Jón hlæjandi.

rh@frettabladid.is

## NÝR IVECO STRALIS

– Þægindi  
– Kraftur  
– Lipurð



### Til afgreiðslu strax!

Komdu og reynsluaktu sýningarbílnum

Fullkomin, fágún og glæsileiki.

Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600



VÉLAVER  
www.velaver.is



# C4

## Citroën C4 segir allt um hönnun Frakka

Franskur frakki og Frakki eiga það sameiginlegt að hvor um sig hlífir manni við óþægindum. Franskur frakki segir allt um hönnun Frakkans. Og þann sem í honum er. Sjáðu franska hönnun. Vertu í Citroën C4 Saloon. Komdu í Brimborg. Berðu saman bíla. Sjáðu verðið.

**Verð aðeins frá kr. 2.069.000**

Citroën C4 Saloon SX 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö\*

Komdu í Brimborg í dag

  
visthæf skref  
með Brimborg

Farðu á [brimborg.is](http://brimborg.is)  
og þú ert kominn af stað

Spurðu um hvað  
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar  
þýðir fyrir þig



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.citroen.is](http://www.citroen.is)

\*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Öruggur og umhverfisvænn

Toyota Prius Hybrid er þróaður í samræmi við byltingarkennda tækni sem kallast Hybrid Synergy Drive og segir Kristinn J. Einarsson, sölustjóri Toyota í Kópavogi, bílinn með þeim umhverfisvænni á markaðnum í dag.

„Hybrid Synergy Drive er samsetning rafmótors og bensínvélar sem skilar miklu afli, framúrskarandi eldsneytiseyðslu sem er um 4,3 lítrar á hverja hundrad kílómetra og lágri mengun í útblæstri sem er á við litla borgarbíla,“ segir Kristinn J. Einarsson, sölustjóri Toyota, og bætir því við

að Prius sé með umhverfisvænustu bílum á markaðinum í dag.

„Það þarf aldrei að hlaða rafgeyminn því hmlakerfið fangar hreyfioruna sem verður til þegar hmlað er og breytir henni í raforku sem er geymd í háspennurafgeyminum. Þetta er nýjung sem er hugsuð fyrir þá sem hafa ánægju af akstri en vilja um leið hafa sem minnst áhrif á umhverfið,“ segir Kristinn og tekur fram að bílinn sé mjög samkeppnishæfur í verði miðað við þennan flokk af bílum og kosti 2.699.000 krónur í dag.

Kristinn segir viðbrögð neytenda við þessari tækni viðs vegar um heiminn ekki hafa látið á sér standa. „Nú þegar hefur yfir ein



Prius Hybrid er að sögn Toyota-umboðsins með þeim umhverfisvænni á markaðinum í dag.

milljón Prius-bíla verið seld í heiminum enda er Toyota í farar-

broddi í heiminum í þróun á þessu Hybrid-kerfi.“

Þá segir Kristinn að ökumaðurinn finni ekkert fyrir því að Prius Hybrid sé rafmagnsbíll fyrir utan það að hann drepi á bensínmótornum þegar bíllinn stoppar til dæmis á ljósum til þess að spara eldsneyti og sé þar með umhverfisvænni.

„Svo er hann fyllilega samkeppnishæfur í öryggi því hann er með ABS-bremsukerfi, EBD-hemlajöfnunarkerfi, stöðugleikastýringu og fleira þannig að bíllinn er vel búinn auk þess sem hann lítur mjög vel út,“ segir Kristinn og bætir því við að þrátt fyrir að menga eins og lítill borgarbíll þá sé hann samt á stærð við Avenis. „Hann rúmar vel fimm farþega og farangur.“

sigidurh@frettabladid.is

## Er jeppinn þinn tilbúinn fyrir veturinn?

### Mikið úrval af dekkjum á flestar gerðir jeppa



Chaparral AIP

PRO COMP TIRES  
Pro Competition Tire Company

ARCTIC TRUCKS

KAUPAUKI

Öllum seldum dekkjagöngum fylgir Viair 90p loftdæla að verðmæti kr. 10.500. Gildir meðan birgðir endast.



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is



#### • RAFKNÚN SPORTKERRA

Tesla-sportbíllinn er aðeins fimm sekúndur að ná 100 km hraða á klukkustund. Þetta væri kannski ekki í frásögur færandi ef ekki væri fyrir þær sakir að bíllinn er rafdrifinn.

Flestir tengja rafmagnsbíla við frekar máttlitla, smáa og oft á tíðum furðulega lagaða bíla. Eigendur Tesla Motors eru ekki sammála því og smíðuðu því sportbíl sem byggður er á breska sportbílum Lotus.

Vélin er 248 hestafla rafmótor, líþíum-jóna rafgeymar bílsins eru um 500 kíló að þyngd og bíllinn kemst um 375 km á hleðslunni. Hámarkshraði bílsins er 220 km á klukkustund.

Tesla-bíllinn er ekki hægt að kaupa úti í búð enda er hver bíll smíðaður eftir pöntun eins og oft er með dýrari bíla. Bíllinn virðist vinsæll hjá fræga fólkinu en meðal þeirra sem fá fyrstu sportbílauna afhenta eru þeir Arnold Schwarzenegger og George Clooney. Þeir þurfa að punga út um 100 þúsund dollurum fyrir glæsikerruna.



Tesla roadster rafmagnsbíll



Mercedes-Benz F 700 hugmyndabíllinn:

## Umhverfið í hávegum á bílasýningu í Frankfurt

Grænt og umhverfisvænt er yfirskrift bílasýningarinnar sem fram fer í Frankfurt þessa dagana. Þetta er í 62. skipti sem sýningin er haldin og því orðin fastur liður í kynningarstarfsemi bílaframleiðenda.

Hugmyndabíllarnir vekja ávallt verðskuldaða athygli á slíkum sýningum og svo er einnig nú. Tvinnbílur og rafmagnsbílar eru áberandi meðal hugmyndabíla og greinilegt að stefnan í bílabransanum er að huga að umhverfinu í framtíðinni.

Bensínhákar og glæsibílar eru



Meðal hugmyndabíla í Frankfurt er BMW X6 ActiveHybrid tvinnbíllinn.

þó einnig meðal þeirra bíla sem sýndir eru svo af nógu er að taka fyrir alla.

## Ver vatnskassa skemmdum

Vatnskassinn er ein af mikilvægustu líffærum bílsins. Því þarf að huga vel að honum, sérstaklega á þessum tíma árs þegar kalt er í veðri. Frostlögurinn gegnir þar þýðingarmiklu hlutverki og einfalt er að láta fylgjast með frostþoli bílsins með því að biðja um þá þjónustu á bensínstöðvum. En frostlögurinn ver líka innviði kælikerfisins fyrir tæringu og ryði og því er nauðsynlegt að skipta öðru hvoru alveg um á kassanum. Mismunandi frostlögstegundir geta líka þolað hvor aðra mjög illa og dregið úr verndunarmætti blöndunar.

-gun



## Ýtir við þreyttum ökumönnum

Rannsóknir sýna að langflest umferðarslys, eða um 90 prósent, verða vegna mistaka ökumanna. Þessi mistök verða vegna þess að ökumenn hafa ekki hugann við aksturinn af ýmsum ástæðum. Þreyta og syfja hafa oft áhrif.

Nú hefur Volvo kynnt búnað sem ætlað er að sporna við syfju og athyglisbresti ökumanna. Þetta er í fyrsta sinn sem búnaður af þessu tagi er í fólksbílum og nefnist hann „Driver Alert Control“. Þá hefur Volvo einnig kynnt búnað sem skynjar þegar bíllinn fer mjög nærri eða yfir akreinalínu án þess að honum sé stýrt þangað. Þá varar bíllinn ökumanninn við. Þetta kerfi kallast „Lane Departure Warning“. Hægt verður að fá þennan búnað saman í einum pakka sem nefnist „Driver Alert System“ eða viðvör-



Volvo hefur kynnt búnað sem varar ökumann við.

unarkerfi fyrir ökumann. Kerfið verður fáanlegt í lok þessa árs í Volvo S80, V70 og XC70.

-hs

## Viðhald vélar

Þegar fjárfest er í nýjum bíl þá er eigandinn jafnan stoltur þegar hann brunar á honum um göturnar, splunkunýjum og glansandi. Óskar þess jafnvel að hann geti haldist nýr og ferskur lengi á eftir.

Því miður

eldist bíllinn og kílómetrafjöldinn eykst jafnt og þétt, ilmurinn af nýja bílnum



dofnar og loks er hann orðinn eins og gamall vinur. Ýmislegt er hægt að gera til þess að hjálpa bílnum að vera eins og nýr og eitt af því er að skipta reglulega um olíu og síur.

Flestir bílaframleiðendur mæla með því að skipt sé um olíu og síur á átta til tíu þúsund kílómetra fresti eða sex mánaða fresti miðað við eðlilegan akstur en á vefsíðunni autorepair.about.com er mælt með því að slíkt sé gert mun oft, eða á 4 til 5 þúsund kílómetra fresti. Sé þetta gert frá því að bíllinn er alveg nýr verður vélin lengur hrein og endist því betur.

-sig



Bíllinn er enn á hugmyndastigi.

## Polo blæjubíll

Áður en sólelskandi aðdáendur VW Polo teygja sig í sólvörn og sölglæraugu ber að hafa í huga að þessi ofursvali Polo blæjubíll er enn bara hugmynd og líkan. Það var blæjubílasérfræðingurinn Karmann sem hannaði líkanið, en bíllinn sýnir margar nýjungar sem finna má í blæjubílum framtíðar. Mest áberandi er bílþak með sólúgu úr gleri, ef veðrið býður ekki upp á að taka þakið alveg niður. Pólóinn er einnig búinn Cabrio Overhead Protection System (COPS) sem notar fasta rúlluslá aftan við aftursætin. Þessi öryggisþáttur styrkir bíllinn nóg til að hægt sé að leggja aftursætin niður og bætir við mikilli hagkvæmni í þá tegund bíla sem vanalega tekur ekki tillit til þess háttar rýmismöguleika. Farangursgeymslan er einnig aðgengilegri og stærrri vegna snjalls upprúllanlegs afturglugga. Að innan er ferskur andvari tryggður þótt veðrið sé annað úti, en hann fæst gegnum fjögur rafleiðniljós í fódri þaksins, sem einnig skapa umlykjandi birtu í bílnum.

# SJÁLFSKIPTUR

# SWIFT

4ra þrepa alvöru sjálfskipting,  
1.5 L, 101 hestafla vél, búnaður  
og aksturseiginleikar í sérflokki.  
Komdu í reynsluakstur  
upplifunin verður ánægjuleg.

Verð frá 1.779 þús.  
19.834 á mánuði\*  
Kíktu á [suzukibilar.is](http://suzukibilar.is)

SUZUKI BÍLAR HF.  
Skeifunni 17. Sími 568 5100.

\*Miðað við 30% útborgun og bílasamning Giltis til 84 mánaða, 50% isk/50% erlend mynt.

Hugtak Júní 07

# Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla  
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!  
Alltaf heitt á könnunni!



Iðnaðarhurð



Rúlluhurð



Vörulyftur og veðurhlífar



Hraðlyftihurð



Eldvarnarhurð



Hlið



## HÖRMANN

Hjá Glófaxa færðu: Iðnaðarhurðir,  
bæði sem flekahurðir og rúlluhurðir.

Iðnaðarhurðir, með gönguhurðum,  
með eða án þröskulds. Í hurðunum  
eru gluggar ísettir plastrúðum sem  
rispast ekki.

Einnig fást eldvarnar-, öryggis- og  
bílskúrshurðir.



# GLÓFAXI ehf.

Ármúla 42 • Sími 553-4236 / 553-5336  
Fax 588-8336 • glifaxi@simnet.is



Benedikt Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Bílabúðar Benna, segir Ssang Yong Kyron og Chevrolet Captiva gríðarlega vinsæla enda vel útbúnir bílar á viðráðanlegu verði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Flottir og vel útbúnir

Ssang Yong Kyron og Chevrolet Captiva fást báðir í Bílabúð Benna. Benedikt Eyjólfsson framkvæmdastjóri segir þá báða mjög vel útbúna en þó á afar viðráðanlegu verði.



Chevrolet Captiva hefur selst í yfir hundrað eintökum á þessu ári og hefur slegið í gegn hjá Bílabúð Benna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við byrjuðum að flytja Ssang Yong Kyron inn í maí á síðasta ári. Hann fékk strax mjög góðar viðtökur og var uppseldur fram til áramóta,“ segir Benedikt. Hann segir að á fyrsta árinu hafi Bílabúð Benna selt sjöttíu bíla og það sem af er þessu ári hafi tæplega hundrað jeppar selst til viðbótar. „Þetta er jeppi sem er byggður á grind og með hátt og lágt drif,“ segir Benedikt og bætir við: „Tollareglur á Íslandi eru þannig að bílar sem eru með vélar í stærðinni 1.999 rúmsentimetrar og minni lenda í þrjátíu prósentu tollflokki. Þessi bíll er þar því vélin er tæplega tveir lítrar.“

Benedikt segir bílinn vera með dísilvél sem skili 142 hestöflum.

„Það sem er enn betra er að hún er 310 Newtonmetrar í tog, þannig að vélin er töluvert aflmikil þótt hún sé ekki stór að rúmtaki. Þetta gerir það að verkum að við getum boðið sjálfskiptan dísiljeppa á 31 tommu dekkjum á 3.590.000 krónur,“ segir Benedikt. Hann bendir á að inni í því verði sé hraðastilling, loftkæling, dökkar rúður, sætahitarar og fleira þannig að bíllinn er mjög vel útbúinn.

„Kaupendurnir eru mjög ánægðir og má segja að þeir séu að selja fullt af bílum fyrir okkur í dag því þeir senda vini sína og kunningja til okkar að kaupa

bíla,“ segir Benedikt og brosir.

Chevrolet Captiva er líka með mótór sem er innan við 2.000 rúmsentimetrar og því einnig í þrjátíu prósentu tollflokki. „Yfir níttíu prósent af Captivabílunum sem við seljum eru sjö manna,“ segir Benedikt. „Þarna bjóðum við mjög ríkulega búinn bíl með loftkælikerfi, hitastýrt miðstöðvarkerfi, cruise control, stöðguleikakerfi, nálgunarvörn, dökkar rúður, sjö sæta bíl með dísilvél og sjálfskiptingu á 3.890.000,“ segir Benedikt og segir skýringuna á því vera að Chevrolet Captiva sé í lægra tollþrepinu eins og Ssang Yong Kyron-jeppinn.

„Við erum líka að ná feiknasölu á þessum bíl eða rúmlega hundrað bíla á þessu ári þannig að þessir bílar hafa heldur betur slegið í gegn. Ég held að stóra ástæðan sé sú að fólki finnst útlitið smart, það er gott að ganga um bílinn, hann er vel útbúinn og á verulega hagstæðu verði,“ segir Benedikt.

sigridurh@frettabladid.is

## Annað eldsneyti í framtíðinni

Ræsir hf. er með söluumboð fyrir EVO bus, sem eru rútur frá Mercedes Benz.

„Bílarinn sem við bjóðum upp á kallast EVO bus. Þetta eru stærri bílar til langferða frá Mercedes Benz,“ segir Guðmundur Baldursson, sölumaður hjá Ræsi ehf.

Bílarinn henta fyrir rútufyrirtæki, leiguakstur eða stórar fjölskyldur og koma í öllum stærðum og gerðum. Allt frá tíu sæta upp í fimmtíu manna, bæði sex gíra beinskíptir eða sjálfskíptir.

„Sá nýjasti er Mercedes Benz sprinter 518 sem er með sex sýlindra V dísilvél og er 84 hestöfl. Þessi tegund hefur verið nær óbreytt síðan 1996. Síðan voru gerðar einhverjar breytingar árið 2001 og núna hafa verið gerðar gagngerðar breytingar,“ segir Guðmundur og bætir við: „Hann er með loftfjöðrun að aftan, sem hefur almennt ekki verið fánleg án sérpantana. Síðan er mótórinn nokkuð breyttur ásamt og girkassanum. Auk þess sem hann



Mercedes-Benz-rúturnar standast fyllilega kröfur Evrópusambandsins um mengunarvarnir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

er með loftkælingu á toppnum og kæling í öllum bílunum,“ segir Guðmundur, sem segir bílinn standast allar helstu mengunarvarnir.

„Bíllinn stenst mengunarskiptalinn Euro-4 sem var settur í lög í fyrra. Einnig er hann

með þriggja punkta öryggisbelti í öllum sætum sem er gríðarlega jákvæð og mikilvæg þróun fyrir stærri bíla,“ segir Guðmundur, sem býst fyllilega við því að bílar að þessari stærð muni nota eldsneyti á borð við gas eða rafmagn í framtíðinni.

-rh



**Aðeins tveir bílar eftir úr síðustu  
prettán bíla sendingu. Er að fá nýja  
MAN TGS og TGX bíla í janúar 2008**

**staðfestið sem fyrst því það er orðin  
tíu mánaða bið eftir nýjum bílum**



**Höfum til afhendingar strax  
MAN 26.480 6x4 BLS EURO 4.  
Nýja 2007 MAN dráttabíla.  
Mjög vel búna. Ath. bílar  
með fulla ábyrgð.**



**[www.bilexport.dk](http://www.bilexport.dk) • [boas@bilexport.dk](mailto:boas@bilexport.dk)  
Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma  
0049 1752711783 eða Eðvald í síma 896 6456**

# LENGDU SUMARIÐ ...

SÓLSTOFUR · GLUGGAR · HURÐIR · SVALALOKANIR · GLER · SPEGLAR

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- FALLEGT ÚTLIT
- 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á PVC-U VÖRUM
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- FLJÓTLEGT Í UPPSETNINGU
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTTING
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfrjár sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU







**RafList**  
Getum bætt við okkur allri almenntí raflagnavinnu, nýlagnir, viðhaldsvinna, og fagleg raðgjöf.  
Uppl. í s. 823 8860 & 861 9116.

**Trésmíði**  
**Smíður**  
vanur smíður getur bætt við sig verk-efnum inni/ og eða úti. Uppl. í síma 864 5920

**Önnur þjónusta**  
K-Matt ehf. vefsíða www.k-matt.is. Sími 421 8999. E-mail k-matt@k-matt.is

**HEILSA**

**Heilsuvörur**

**ShapeWorks**  
www.bergrun.is  
Fyrir Eftir  
Ég breytti um lífstill.  
Hvað með þig??  
Uppl. í s. 861 5512

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían þrífupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

**Fæðubótarefni**  
Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

**Nudd**  
Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

**Ýmislegt**



Súrefnismettunarmælur á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@k-matt.is

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

Évar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**HEIMILIÐ**

**Húsgögn**



Max 3+1+1 + vandað ísl. antik sófasett frá 150 og falllegt útskorið danskt sófaborð í stíl frá ca 1920. 3 stk antik borðstofustólar, og 6.Vandaðir borðstofutólar 4 stakkóstólar ( eldhússt.) rúm 195 x 90, góð dýna, 2 nýir Rockkóstólar Getur selst allt uppert með fullri ábyrgð og með áklæði að eigin vali eða ódýrt í núverandi áskomulagi. Uppgerðir mjög vandaðir skrifstofustólar með fullri ábyrgð mjög ódýrt. Uppl. í síma 892 1284 Hafsteinn.

Til sölu hvítur sófi 3+1+1. Selst á 10 þ. S. 694 2460/849 3118

Ódýr búslóð til sölu vegna brottflutnings. Allt á að seljast. Uppl. í s. 891 7797.

**Gefins**

4 mánaða kettlingur fæst gefins. Kassavanur fress. Nánari uppl. í s. 866 8805

**Barnagæsla**

**„Amma“ óskast í hverfi 109!**  
Barngóð kona óskast til að gæta 7 ára stelpu eftir skóla nokkra daga í viku og jafnvel sækja bróður hennar á leikskóla einstaka daga. Erum í hverfi 109! Vinnutími og laun eftir frekara samkomulagi. **Áhugasamir hafi samband við Höllu í s. 821 8283 eða á halla@365.is**

**Dýrahald**



**Labradorholpar til sölu**  
Ættbókarfærðir, örmerktir og læknis-skoðaðir. Tveir svartir rakkar og ein gul tik, tilbúin til afhendingar. Frekari upplýsingar: www.soltuns.bloggar.is Gestur í síma 866 2486.

Vegna aðstæðna verð ég að láta hundinn minn fara, hann fæst gefins ef gott heimili býðst. Áhugasamir hafið samband í síma 868 9212 á milli kl 17.30 og 21.00

**Hundabúr fyrir flugflutning**  
2 Hundabúr óskast fyrir flugflutning. Call Mike at 699 8257.

**TÓMSTUNDIR & FERÐIR**

**Gisting**

**Orlofsíbúð á Akureyri**  
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**Leigjendur, takið eftir!**  
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Room for rent in 105 40 þ. kr. 5 minutes from Hlemmur. Information 862 8095.  
Til leigu 3ja herbergja í 105. Björt og skemmtileg íbúð á efri hæð. Þvottavél fylgir til afnota. Íbúðin er laus strax, leiguverð 115 þús. og 2 mánuðir í tryggingu, innifalinn rafm., hiti og hússjóður. S. 862 8095.

**Húsnæði óskast**

Tveir reglusamir nemandar þrífugsaldrí leita af íbúð miðsvæðis. Helst 3ja herbergja. Verðbilinu 80 -100 þúsund á mánuði. Góðri umgengni heitið ásamt skilvísunum greiðslum og möguleika á að greiða í gegnum greiðsluþjónustu. Jón Þór í 691-9564 og Arnar Ingi 848-8059 eða amar@itk.is

Óska eftir studio eða 2ja herb. íbúð í Rvk. Skilvísunum greiðslum og reglusemi heitið, reyklus. s. 896 8568.

Óskum eftir 4 herb. íb. í Mosf. bæ. Langt. Leiga frá okt. eða nóv. 6599956 Kristín/8204533 Birgir

**Atvinnuhúsnæði**

Til leigu 2 samliggjandi skrifstofuherbergi í Hamraborg 1 í Kóp. Herbergin eru samtals 40 fm og eru fullbúin skrifstofuhúsgögnum. Leiga á mán. kr. 80 þ. Vinsamlegast hafið samb. í s. 820 1400

106 fm í Kópavogi til leigu í 6-12 mán, klósett og stórt geymslurými, innkeyrsludyr. Uppl. í s. 663 0000.

Til leigu ca. 250 & 350 fm atvinnuhúsnæði með stórum innkeyrsluh. í Hj. Uppl. í s. 860 0866.

**Geymsluhúsnæði**

Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.гейmslaeitt.is

**Pantið tímanlega fyrir húsvagninn**  
Nýstandsett og upphitað hús á Eyraþakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 þ. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 þ. mán. Fellih. 6.875 þ. mán. í 8 mánuði S. 564 6500.

**Bílskúr**

Óska eftir bílskúr eða litlu iðnaðarhúsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 892 1180 eða fjolblastur@simnet.is

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**Szukasz pracy?**  
Nasza oferta jest bezpłatna.  
Zarejestruj się w portalu Vinna.is  
Oferty pracy dla pracowników magazynowych, kierowców, prace przy produkcji i inne.  
Informacje w języku polskim na stronie www.vinna.is

**vinna.is**  
ATVINNUMIÖLUN

**Skalli Hraunbæ auka-vinna**  
Vantar hressst og dulegt starfsfólk í aukavinnu 1-2 kvöld í viku frá kl. 19-24 og aðrahvora helgi. Lámarksaldur 18 ára.  
Uppl. í s. 567 2880 alla virka dag til kl. 17.

**FM957**  
Taktu þátt í lífinu með FM957





## Meiraprófsbilstjórar

Oliudreifing ehf. óskar eftir að ráða meiraprófsbilstjóra í framtíðarvinnu með aðsetur í Reykjavík. Um fjölbreytt starf er að ræða við oliudreifingu beint á vinnuvélar og tanka.

Oliudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bilstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Starfið stendur báðum kynjum til boða.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Egonsson í síma 5509937 eða helgim@odr.is

Oliudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 og Olís. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996. Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á [www.oliudreifing.is](http://www.oliudreifing.is)

## Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.  
**Kraftafl ehf**

FERSKAR  KJÖTVÖRUR

## Starfsmaður óskast

Ferskar Kjöttvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni til að hafa umsjón með kjötborði okkar í Hagkaup

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000



Reykjavíkurborg  
Bílastæðasjóður

## Okkur vantar fleiri konur í hópinn í hlutastarf eða fullt starf

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir jákvæðum og liprum einstaklingum til starfa sem fyrst.

### Starfssvið

- Eftirlit með bifreiðastöðum og notkun gjaldskyldra bílastæða utanhúss
- Ritun umsagna vegna álagðra gjalda
- Mikil samskipti við viðskiptavini og samstarfsmenn

### Hæfniskröfur

- Ökuréttindi áskilin
- Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulund, jákvæðni og áráðni
- Stundvísi, reglusemi og almennt hreysti
- Skriffærni á íslensku
- Æskilegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku og einu norðurlandamáli

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur er til 7. október n.k. og skal senda umsóknir til Bílastæðasjóðs Reykjavíkur merkt "Stöðuvörður", Hverfisgötu 14, 101 Reykjavík. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð í afgreiðslu okkar eða senda umsókn á [albert.heimisson@reykjavik.is](mailto:albert.heimisson@reykjavik.is) Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411-3400

FERSKAR  KJÖTVÖRUR

## Vilt þú vinna þar sem Íslendingum finnst skemmtilegast að versla?

Óskum eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir fólk á öllum aldri endilega hafið samband.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

### Viltu vinna í þínu hverfi? Lausar stöður í Grafarvogi.

#### Leitað er eftir:

- Leikskólakennurum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

#### Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Brekkuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380  
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515  
Funaborg, Funafold 42, sími 587-9160  
Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870  
Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970  
Laufskálar, Laufurima 9, sími 587-1140  
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585

#### Deildarstóri

Laufskálar, Laufurima 9, sími 587-1140

#### Sérkennsla/ atferlisþjálfari

Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515

#### Aðstoðarmaður í eldhúsi

Brekkuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is). Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

### TILKYNNINGAR



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## Styrkir til forvarnarverkefna í Reykjavík

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir styrki úr forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar til forvarnarverkefna.

Markmiðið með styrkjunum er að styrkja samstarfsverkefni á sviði forvarna til samræmis við forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Umsóknum skal skila á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

Meðferð umsókna fylgir almennum reglum um styrkja-úthlutanir Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

Allar umsóknir verða lagðar fyrir samráðshóp um forvarnir í Reykjavík til umsagnar og fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar til samþykktar.

Umsóknum skal skila til skrifstofu Velferðarsviðs, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík fyrir **10. október nk.**

## 100% Hollusta

Við opnum nýjan glæsilegan stað á þjónustustöð N1 í Borgartúni.

Óskum eftir að ráða traust og heiðarlegt starfsfólk í eftirfarandi störf strax:

Rekstrarstjóra í fullt starf. 23 ára og eldri.

Vaktstjóra í vaktavinnu fullt starf

Starfsfólk í afgreiðslu:

Fullt starf dagvinnna

Hlutastörf dagvinnna

Fullt starf vaktavinnna

Hlutastörf: Kvöld og helgar

Upplýsingar í síma 898 7924 ( Kristinn ) eða senda umsókn á [cyrus@simnet.is](mailto:cyrus@simnet.is)

**BOOZTBAR ISBAR**

## Auglýsingasími

# 5125050



- Mest lesið





BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR

FIMMTUDAGSTILBOÐ



BÓNUS

# KS LAMBASÚPUKJÖT 1 FLOKKUR

**398** KR  
KG



KS LAMBASÚPUKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU HAUSTIÐ 2007

1 FLOKKUR HÁLFUR FRAMPARTUR NIÐURSAGAÐUR, ENGINN BITI TEKINN ÚR!

BÓNUS

LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA

AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUÐ.-FIMMTUD. 12.00 - 18.30 HEIMASÍÐA BÓNUS ER: [BONUS.IS](http://BONUS.IS) AÐALSÍMI BÓNUS: 588 8699

**Opið hús í dag frá kl. 17:30 til 19:00**  
**Trönuhjalli 5 – íbúð 302**



Til sýnis í dag mjög falleg 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð með einstöku útsýni til suðurs og vesturs. Parket og flísar á gólfum. Nýleg eikar-

innrétting í eldhúsi. Þvottahús í íbúð. Þrjú svefnherb., skápar í tveimur. Góð aðkoma og frágengin lóð með leiktækjum. Í heildina er um að ræða mjög fallega íbúð sem býið er að innrétta á smekklegan hátt og halda vel við. **Verð 28,9 millj.**

**Benedikt og Elísabet sýna íbúðina**  
**í dag frá kl. 17:30 til 19:00.**  
**Sjón er sögu ríkari!**



Suðurlandsbraut 20  
 Sími 533 6050  
 Bæjarhrauni 22  
 Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

**STUÐ MILLI STRÍÐA** Sársaukaþröskuldur mælikvarði á hversu gæf dýr eru

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** VILL AÐ DÝRUM SÉ SÝND TILSKILIN UMHYGGJA OG VIRÐING



Um daginn heyrði ég af matarboði úti í bæ þar sem húsráðanda brá heldur í brún við að sjá einn gestinn slá til heimiliskattarins. Enginn annar virtist taka eftir þessu svo húsráðandi taldi sér í fyrstu hafa missýnst. En svo sá hann gestinn endurtaka leikinn og kom ekki upp orði fyrir undrun og reiði.

Í lok kvöldsins héldu gestirnir heim á leið og umræddur aðili, sem var yfirlýstur dýravinur, hafði orð á því að húsráðandi væri einstaklega lánsamur að eiga jafn gæfan kött. Það réði hann af viðbrögðum dýrsins sem sýndi engin mótmæli þótt í það væri slegið og hlyti því að

vera sauðameinlaust grey. Til allrar hamingju heyrir maður ekki oft sögur sem lýsa jafn vel þeirri grimmd sem mannskepnan getur í skeytingarleysi sínu sýnt öðrum dýrategundum. Þó hef ég margsinnis heyrð foreldra hreykja sér af einstöku umbróðarlyndi dýra, sem hreyfa ekki við mótmælum þótt börnin á heimilinu lemji, rífi í eða poti í augun á þeim.

Á hinn bóginn hef ég ekki heyrð marga hrósa fólki, sem verður fyrir barðinu á ofbeldismönnum og ber sorg sína í hljóði. „Hún Gunna er umbróðarlyndasta manneskja sem ég þekki og það þótt víðar væri leitad. Það er alveg sama hversu oft Jón gengur í skrokkinn á henni, alltaf heldur þessi elska ró sinni.“

Við skulum þó muna að það er líka fullt af konum eins og Gunnu sem dag einn fá sig fullsaddar af ofbeldinu og ákveða að svara í sömu mynt. Eins eiga rólegustu gæludýr til að tryllast að því er virðist fyrirvaralaust og svara fyrir sig.

Sjálfur lenti ég í því aðeins fjögurra ára að fjölskylduhundur reif stykki úr efri vörinni á mér, eftir að ég hafði hamast í honum. Til allrar hamingju greri sárið og hvutta var fyrirgefið.

Í dag láta margir lóga dýrunum sínum fyrir sömu og jafnvel miklu minni sakir. Komum því fram við dýrin af virðingu og kennum börnunum okkar að umgangast þau með sams konar hætti.

**myndasögur**

**■ Pondus**

Eftir Frode Øverli




**■ Gelgian**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**■ Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes



**■ Kjölturakkar**

Eftir Patrick McDonnell



**■ Barnalán**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



*Þjónusta ofar öllu* **RE/MAX** Fasteignir

**ATH VIÐ SELJUM ALLA DAGA!**

**HRINGDU NÚNA 699 6165**

**BÓAS & GUNNAR**



Bóas Sölufulltrúi 699 6165 boas@remax.is



Gunnar Sölufulltrúi 899 0800 go@remax.is



Stefán Páll Löggiltur Fasteignasali

**Til Sölu**  
 Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi. Uppl. í 1. 350.000

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 – smáauglýsingar sem allir sjá



**Þú sparar 746 kr/kg**

**40%  
afsláttur**

**1.120** kr/kg. áður 1.866 kr/kg.  
Borgarnes villikryddað lambalæri



**85** kr/stk.  
Fanta - 2 ltr.



**30%  
afsláttur**

**459** kr/kg. áður 655 kr/kg.  
Ísfugl kjúklingur - ferskur



**50%  
afsláttur**

**Þú sparar 427 kr/kg**

**427** kr/kg. áður 853 kr/kg.  
Borgarnes saltkjöt - blandað



**50%  
afsláttur**

**241** kr/pk. áður 482 kr/pk.  
Goða pylsur



**133** kr/kg.

Buffalo wings - Original, Hickory BBQ og Garlic & herb



**40%  
afsláttur**

**225** kr/kg. áður 375 kr/kg.  
Goða lambalifur pökkuð fersk



**nettó**

**1.099** kr/kg.  
Nettó lambahryggur - nýslátrað



**nettó**

**979** kr/kg.  
Nettó lambalæri - nýslátrað



**40%  
afsláttur**

**219** kr/kg. áður 365 kr/kg.  
Goða lambahjörtu pökkuð fersk

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda: 20. september til 23. september eða á meðan birgðir endast  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

**nettó**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn



**NÝJAR BÆKUR**

**G**ripla XVII (2006) er gefin út af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þar er að finna sex viðamiklar greinar og minningarorð um látna fræðimenn. Höfundar efnis að þessu sinni eru Jónas Kristjánsson, Haraldur Bernharðsson, Kristján Árnason, Kári Gíslason, Þorleifur Hauksson, Sigurjón Páll Ísaksson, Sverrir Tómasson og Kristján Eiríksson.

**R**itið 3/2006 er helgað STRÍÐI OG FRÍÐI. Þar er að finna þrjár greinar sem snúa að því þema, þá eru þrjár greinar um bókmenntir og að venju eru myndverk og þýðing. Gunnþórunn Guðmundsdóttir fjallar um falsaða lífsreynslusögu úr fangabúðum nasista. Rósa Magnúsdóttir beinir sjónum að köldu stríði og hugmyndum um óvininn. Að þessu sinni var valinn til þýðingar formáli að afmælisútgáfu bókarinnar Orientalism eftir palestínska bókmenntafræðinginn Edward W. Said. Að auki má finna í Ritinu bókmennta- greinar eftir Dagnýju Kristjánsdóttur, Jón Karl Helgason og Magnús Fjalldal. Ritstjórar eru Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Ólafur Rastrick. Hugur, tímarit Félags áhugamanna um heimspeki, er komið út. Heftið ber að þessu sinni yfirskriftina Ótti og undantekningarástand. Þessu efni eru gerð skil í þremur greinum þar sem tekist er á við álitamál úr samtímanum sem tengjast svokölluðu stríði gegn hryðjuverkum: óttinn við aðra menningarheima, afnám borgaralegra réttinda, fangelsun án dóms og laga, pyntingar og valdníðsla í nafni frelsis og lýðræðis. Þessir þættir koma saman í hugmyndinni um undantekningarástand, sem ættað er úr lögspeki og á við um þá aðgerð valdhafa að afnema lög og rétt (tímabundið) undir því yfirskriftinni að ögn steðji að lýðræðinu og réttarríkinu.

**Ú**t er komið hjá Háskólaútgáfunni Almanak Háskóla Íslands 2008. Dr. Þorsteinn Sæmundsson, stjórnfræðingur hjá Raunvísindastofnun Háskólans, hefur reiknað almanakið og búið það til prentunar. Auk dagatals flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Í almanakinu eru stjórnukort, kort sem sýnir áttavítastefnur á Íslandi og kort sem sýnir tímabelti heimsins. Þar er að finna yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja og tímanna í höfuðborgum þeirra. Þá má nefna grein um jafndægur og sólstöður, en dagsetningar þeirra eru breytilegrar en margan grunar. Loks eru í almanakinu upplýsingar um helstu merkisdaga fjögur ár fram í tímann.



nýjar **oyoy** vörur



**oyoy**  
Peysa  
st. 68-90  
50% ull, 50% akrýl  
**2.499kr**

**oyoy**  
Bolur  
st. 68-90  
100% bómull  
**1.499kr**

**oyoy**  
Flauelsbuxur  
st. 68-90  
100% bómull  
**1.999kr**



**oyoy**  
Peysa  
st. 56-92  
100% bómull  
**1.999kr**



**oyoy**  
Peysa  
st. 68-90  
100% bómull  
**2.499kr**

**oyoy**  
Gallabuxur  
st. 68-90  
100% bómull  
**2.499kr**



**oyoy**  
Leggings  
st. 56-92  
100% bómull  
**1.699kr**



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

er það?



75 ára | **spron**  
VERÐBRÉF

**ÁST** Í samstarfi við Vesturport

20.9.2007 14:00  
20.9.2007 20:00  
27.9.2007 20:00  
5.10.2007 20:00

SÖNGLEIKUR EFTIR  
GÍSLA ÖRN GARDARSSON  
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhús.is



**Bláir skuggar** TÓNLEIKAR  
SIGURÐUR FLOSASON FÍH salnum Rauðagerði  
Fös. 21. sept. kl. 20:30  
Forsala: midi.is



PÉTUR ÖSTLUND JÓN PÁLL BJARNASON ÞÓRIR BALDURSSON

Vegna gífurlegra vinsælda – 4 sýningar í Rvík  
28. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00  
29. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00  
12. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00  
13. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00  
Miðasala daglega í lðnó í síma 562 9700  
frá kl. 11 - 17 og á midi.is

**Pabbinn** PABBINN Á TÖR UM LANDIÐ – ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS



THORSSON PRODUCTIONS

**SÝNINGAR Í AUSTURBÆ**

**BLINDA KINDIN** eftir Elísabetu Jökulsdóttur  
Næstu sýningar: 20/9 - 23/9 - 27/9 - 29/9 og 30/9

**SÖNGLEIKURINN ÖSKUBUSKA**  
eftir Agnar Jón Egilsson. Tónlist: Hallur Ingólfsson  
Næstu sýningar: 22/9 29/9 6/10

Miðasala í síma 551 4700  
og á midi.is



**AUSTURBÆR**

# Gott kvöld á sunnudag

Þjóðleikhúsið frumsýnir nýtt íslenskt barnaleikrit á sunnudaginn kemur. Verkið Gott kvöld, eftir bókverkakonuna Áslaugu Jónsdóttur, verður fyrsta sýning leikársins í Kúlunni. Áslaug byggir leikritið á samnefndri bók sinni sem kom út fyrir tveimur árum, en hún hefur unnið verkið að nýju fyrir leikhús og meðal annars samið nýja söngtexta fyrir sýninguna. Tónlist gegnir veigamiklu hlutverki í sýningunni en hana semur Sigurður Bjóla.

Þegar pabbi skreppur frá til að sækja mömmu er strákurur aleinn heima með bangsa sér til halds og trausts. En það er hægara sagt en gert að hughreysta bangsa sem óttast óboðna gesti eins og Hrekkjasvínið, Hraðslupúkann, Tímaþjófinn, Frekjuhundinn og ótal fleiri furðuskepnur.

Áslaug Jónsdóttir hefur vakið mikla athygli á undanförunum árum fyrir barnabækur sínar og myndskreytingar í barnabókum. Bækur Áslaugar hafa verið þýddar yfir á fjölmörg tungumál og hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín. Meðal annars hefur hún hlotið ýmis verðlaun fyrir Gott kvöld, Dimmalimm-verðlaunin – íslensku myndskreytiverðlaunin, verðlaun bóksala fyrir bestu barnabók ársins og Barnabókaverðlaun Menntaráðs Reykjavíkur.

Áslaug var tilnefnd til Norrænu barnabókaverðlaunanna fyrir Gott kvöld árið 2006.

Samverkamenn hennar við sviðsetninguna hafa víða komið við: Sigurður Bjóla hefur starfað við Þjóðleikhúsið sem hljóðmaður um árábil og haft með höndum hljóðstjórn margra sýninga þar. Hann hefur

einnig samið tónlist fyrir leiksýningar í Þjóðleikhúsinu og Nemendaleikhúsinu, unnið við upptökur fjölmargra hljóðplatna og samið tónlist af ýmsu tagi, meðal annars með Spilverki Þjóðanna og Stuðmönnum á sínum tíma. Leikstjóri sýningarinnar er Þórhallur Sigurðsson, sem er einn reyndasti leikstjóri Þjóðleikhússins og á hann að baki fjölda vinsælla sýninga. Um búninga, brúðgerð og skuggaleikhús sér Helga Arnalds brúðleikari með meiru, en Áslaug sjálf hannaði leikmyndina. Leikarar í sýningunni eru Baldur Trausti Hreinsson, Vignir Rafn Valþórsson og Þórunn Erna Clausen.

Kúlan er nýtt leiksvið sem var opnað í Þjóðleikhúsinu á síðasta leikári. Í Kúlunni eru sýndar leiksýningar sérstaklega ætlaðar yngstu leikhúsgestunum. Gott kvöld er fyrsta leikverkið sem samið er sérstaklega fyrir Kúluna en sýningin er einkum hugsuð fyrir áhorfendur á aldrinum 3-10 ára. - pbb

**LEIKLIST** Hrekkjasvínið kemur í heimsókn þegar strákur er einn heima og er ekki frýnilegt.

SKUGGAMYND EFTIR ÁSLAUGU JÓNSDÓTTUR



MARKMIÐ OKKAR ER AÐ SELJA EIGNINA ÞÍNA

INNAN 30 DAGA

<b>SELD Á 2 DÖGUM</b> Efstihjalli	<b>SELD Á 17 DÖGUM</b> Klukkuberg	<b>SELD Á 4 DÖGUM</b> Sléttahraun	<b>SELD Á 4 DÖGUM</b> Sléttahraun	<b>SELD Á 4 DÖGUM</b> Eskihlíð	<b>SELD Á 6 DÖGUM</b> Straumsalir
<b>SELD Á 18 DÖGUM</b> Flúðasel	<b>SELD Á 8 DÖGUM</b> Breiðvangur	<b>SELD Á 14 DÖGUM</b> Jörfagrund	<b>SELD Á 10 DÖGUM</b> Laufásvegur	<b>SELD Á 2 DÖGUM</b> Álfatún	<b>SELD Á 20 DÖGUM</b> Flesjakór

HRINGDU NÚNA **822 3702**

Söluhæsta RE/MAX teymi á Íslandi

Gunnar Sölustjóri 822 3702 gv@remax.is	Þórarinn Jónsson Hdl. Lögg. fasteignasali	Sigurður Lögg. fast. 896 2312 sigsam@remax.is	Lárus Sölufulltrúi 824 3934 lo@remax.is	Vignir Sölufulltrúi 865 4039 vignir@remax.is	Snorri Björn Sölufulltrúi 699 4407 snorri@remax.is	Hreiðar Sölufulltrúi 694 2324 hreiðar@remax.is	Baldur Sölufulltrúi 864 1813 baldur@remax.is	Oðasteinn Sölufulltrúi 659 5500 odasteinn@remax.is	Gyða Sölufulltrúi 696 3454 gyða@remax.is	Erna Skjalavinnsla
---	--	--	--	---	---	---	---	---	---	-----------------------

Kíktu á [www.eignaleit.is](http://www.eignaleit.is)







CHANCE  
CHANEL



## CHANEL KYNNING Í HAGKAUPUM 20. - 25. SEPTEMBER

Heiðar Jónsson og Díanna Dúa veita faglega ráðgjöf og kynna spennandi nýjungar frá Chanel í verslunum Hagkaupa Smáralind og Kringlu.

- Haust/vetrar litirnir komnir
- Chance Eau Fraiche, ilmurinn sem hefur slegið öll sölumet
- Brúnkukrem sem gefur húð þinni raka auk þess að innihalda SPF 8
- Ný líkamslína sem Chanel er stolt af að kynna

Gerðu þér glaðan dag og upplifðu töfra Chanel með hjálp fagaðila okkar.

Glæsilegir kaupaukar og tilboð í boði.\*

\*Gildir á meðan birgðir endast

www.chanel.com

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

**Prófaðu ...**

... að skella í amerískar þönnukökur einhvern helgardaginn. Hveitinu má skipta út fyrir heilhveiti eða spelt, ef þig óar við hveitibombunni, en hlýnsiróp er hins vegar algerlega ómissandi.

**MATGÆÐINGURINN HELGA ÓLAFS, UPPLÝSINGAFULLTRÚI ALPJÓÐAHÚSS****Ferskt pasta ómissandi með öllu**

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Ég held að það sé ferskt pasta, sem mér þykir ógurlega gott.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Síðasti eftirminnilegi og besti rétturinn er nautasteik sem ég fékk í matarboði á Ásvallagötu fyrir skömmu. Hún var maríneruð í þúrtvíni, sinnepi og ferskum kryddjurtum, meðal annars. Allra besti pastarétturinn er tvímælalaust ravioliréttur með grænmeti og pistasíuhnetusösu á rándýrum veitingastað í Mónakó í sumar. **Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Í raun ekki, bara misjafnlega góður. Mér þykja bjúgu og aðrar unnar kjötvörur ekkert sérlega lystugar.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Með góða ólívuólíu, hvítlaug og parmesanost eru mér allir vegir færir. Helst líka klettasalat, ferskt basil, sjávarsalt ... ég gæti haldið endalaust áfram. **Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**

Þegar ég er orkulaus þá er það besta sem ég fæ mér tvímælalaust safarík nautasteik. Vel elduð lifur getur líka gert kraftaverk og sushi er einnig mjög ofarlega á blaði. **Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** G-mjólk til að fullkomna latte-inn. **Ef þú yrðir fóst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Fyrir utan gott kaffi þá tæki ég með mér körfu fulla af exótískum ávöxtum og nokkrar víNFLöskur.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**

Ég held það sé bara lóa. Það var ljúfsár máltíð að því leyti að kjötíð var einstaklega gott, enda eldað af miklum snillingi, en mér var ekkert sérlega ljúft að borða sjálfan vorboðann.



**matur & vín**

matur@vin@frettabladid.is

## Fennel í ofnréttinn

Sólveig Eiríksdóttir hjá Himneskri holdustu lumar bæði á ábendingum og fróðleik um notkun fennels, sem hefur átt erfitt uppdráttar á mörgum heimilum. „Margir finna bara aníslykt af fenneli og fara að hugsa um Pernod-líkjörinn, muna kannski eftir þynnu honum tengdri,“ segir Solla og hlær við. „Fólk gefur fennel oft ekki séns,“ bætir hún við.

Fennel getur hins vegar, að sögn Solla, komið í stað lauks og hvítlauks fyrir ofnæmissjúklinga. „Oft er það grunnurinn í bæði grænmetisréttum og öðrum réttum að byrja á að mýkja lauk og hvítlauk. Í staðinn er hægt að mýkja örþunnt skorið fennel á þönnu með kryddinu. Það gefur mjög gott bragð, og fennelið fær svolítið sætan og mildan keim,“ útskýrir Solla. Hún segir grænmetið einnig eiga mjög vel við ítalska matargerð, eins og aðra matargerð tengda Miðjarðarhafinu. „Svo er æðislegt að nota fennel í alls konar pottrétti og ofnrétti, það getur meira að segja komið í staðinn fyrir gulrætur eða selleri,“ bendir Solla á.

Sem meðlæti má baka fennel í ofni með sætum kartöflum, graskeri, rósmaríni og hvítlaug, sem bera má fram með steikinni,



**FENNEL Í MÖRGUM MYNDUM** Sólveig Eiríksdóttir, kennd við Himneska holdustu og Grænan kost, segir fennel henta vel í hina fjölbreyttustu rétti.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI  
fisknum eða grænmetislasagnanu. Solla notar grænmetið hins vegar mikið hrátt líka. „Ég geri til dæmis salat með fennel, brokkólí, blóm-káli, sætum kartöflum og gulrótum. Svo helli ég yfir kaldpressaðri ólífuólíu, sítrónusafa og tamari-sösu og leyfi salatinu að marínerast aðeins. Það vekur yfirleitt mikla lukku,“ segir Solla.

## Hunangsuppskera kynnt um helgina

Uppskeruhátíð býflugnabænda verður haldin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum næstkomandi sunnudag. Þar koma saman býflugnabændur af sunnanverðu landinu með sýnishorn af uppskeru sumarsins. Þeir munu bjóða gestum að smakka eigin hunangsframléiðslu, en hunanginu verður slengt beint úr búinu á staðnum. Þá verður takmarkað magn af íslensku hunangi til sölu. Þar fyrir utan munu bændur sýna lifandi

býflugur, og gestum býðst að skoða og fræðast um býflugnarækt og býflugnabúíð í garðinum.

Á sama tíma heldur Kvenfélagsamband Íslands sultukynningu. Á sunnudaginn mæta konur úr Kvenfélaginu Hvöt í Sandgerði með sultur sínar og kerti. Gestum verður boðið að bragða afraksturinn og bæta uppskriftum í möppur sínar. Uppskeruhátíðin stendur á milli kl. 14 og 16 í veitingatjaldí garðsins.



### FLOTTIR NUDDPOTTAR TIL SÖLU

frá kr. 349.645 til kr. 517.662

**Einnig baðkór sauna og sturtur. Flytjum líka inn loftefni og hurðar.**

Ice-Innport ehf  
Innflutningur og heildsala.  
Bólafótur 15 Njarðvík  
sími.421-3344 / 8481845.

## Tilraunaeldhús Hilmars

Hilmar Jenson er tónlistarmaður og hluti listamannahópsins Tilraunaeldhússins. Hann hefur mikinn áhuga á tilraunum í eigin eldhúsi líka.

„Ég hef mjög mikinn áhuga á matargerð,“ sagði Hilmar, sem deilir hér uppskrift að laxi með taílensku ívafi og plat-papaya-salati með lesendum Fréttablaðsins. Hilmar segist hrifinn af taílenski og austurlenski matseld, þótt hún sé ekki fyrirferðarmest í eldhúsi hans þessa dagana.

„Hún var það einu sinni. Ég flutti til Boston fyrir um tuttugu árum og var þar við nám. Þá gerð-



**TÁILENSKUR LAX OG PLAT-PAPAYA** Hilmar Jenson hefur mikinn áhuga á matargerð. Þegar papaya finnst hvergi hér á landi leitar hann á náðir íslensku rófunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Lax með taílensku ívafi

- 1 kg laxaflokk
- 2 cm ferskt engifer
- 2 msk. ólívuólía
- 5 msk. sojasósa
- 1 msk. sæt chili-sósa
- 1 msk. hunang
- 3 marðir hvílaugsgeirar
- 2-3 rauðir chili-piparbelgir
- 4-5 skallottulaukar
- safi úr 1-2 límónum (lime)
- rífinn börkur af 1 límónu
- Plat-papaya salat
- 1 stór rófa
- 1-2 rauð chili
- 2-3 vorlaukar
- 1 bolli kóríanderlauf
- ½ bolli saxaðar salthnetur
- Dressing:
- 2-3 msk. sojasósa
- 2-3 msk. sæt chili-sósa
- Safi úr 1 límónu

um við samning með okkur, við sem bjuggum saman, að ég sæi um eldamennskuna og þeir um uppvask, nokkuð sem ég var afskaplega sáttur við,“ sagði Hilmar og hló við. „Ég hafði þá sérstaklega gaman af að matreiða taílenskan og indverskan mat, en ég hef nú fært út kvíarnar til Ítalíu og Mexíkó og víðar. Ég ferðast víða, og þá tekur maður með sér einhverjar hugmyndir heim,“ sagði Hilmar.

Plat-papaya-salatið byggist á því að Hilmari hefur reynt erfitt að nálgast grænt, óþroskað papaya hér á landi. Hann hefur því notað nýuppteknar rófur í staðinn. „Þær eru sætar og stökkr, svo þetta virkar alveg þrælvel,“ sagði Hilmar.

Næst á dagskrá hjá Hilmari er ferð til Kína ásamt Tilraunaeldhúsinu í byrjun október. „Ég kem heim í tvo, þrjú daga og fer svo í þriggja vikna Evróputúr með

hljómsveitinni minni,“ útskýrði Hilmar, sem yfirgefur eigið eldhús þar með í bili.

Lax: Engiferið saxað smátt. Chili-piparinn fræhreinsaður og skorinn smátt, skallottulaukurinn skorinn smátt. Öllu blandað saman og laxinn maríneraður í leginum í um klukkustund. Best er að setja hann í plastpoka og hella maríneringu yfir, velta laxinum vel upp úr henni og loka pokanum vel.

Laxinn grillaður í ofni þar til eldaður í gegn. Varist að ofeldata hann, þá verður hann þurr.

Salat: Rófan skorin í þunna strimla. Chili, sem má sleppa, fræhreinsaður og skorinn smátt, vorlaukar skornir smátt.

Blandið saman rófu, vorlauk og chili. Hellið dressingu yfir og blandið vel. Blandið salthnetum og helmingi af kóríanderlaufunum varlega saman við, skreytið með afgangi af laufunum.

## Námskeið Vínskólans vinsæl

Vínskólinn hefur hafið starfsemi sína að nýju og í haust verður úr ýmsum spennandi námskeiðum að velja. Dominique Plédel, eigandi Vínskólans, segir vinsælustu námskeiðin vera þau þar sem vín og matur fer saman. „Það sem virðist vera vinsælast núna er Vín og ostar, það er mikið beðið um það,“ sagði hún. „Svo er líka mikil tilhlökkun eftir Villibrád og víni,“ benti Dominique á, en það námskeið verður haldið 18. október næstkomandi. „Það námskeið er gríðarlega vinsælt því þetta kitlar bragðlaukana svo skemmtilega,“ útskýrði hún.

Vínskólinn býður þó upp á mörg önnur námskeið í haust. Þeirra á meðal er grunnnámskeið í vínsmökkun, námskeið um Toscana og Chianti, Bordeaux, tapas og spænsk vín, bjór og koníak.

Dominique mun einnig ferðast vítt og breitt um landið og standa fyrir sérnámskeiðum. „Það er til dæmis vínklúbbur á Sauðárkróki, sem ég heimsækki. Þar gerum við sérstaklega mikið úr því að para



**VÍN OG MATUR VINSÆLAST** Dominique Plédel segir mikla eftirspurn eftir námskeiðum um vín og mat, enda vilji fólk vita hvaða vín fari best með framreiddum kræsingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

saman mat og vín, í samvinnu við veitingastað þar. Ég verð með vínfræðslu og svo verður matur á eftir, með vínnum frá því svæði sem við höfum talað um,“

útskýrði Dominique. Allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Vínskólans, eða á netfanginu vinskolin@vinskolin.is.

# ELDHÚS

DESIGNA® ER MARGVERÐLAUNUÐ DÖNSK HÖNNUN  
DESIGNA VAR VALIÐ IÐNFYRIRTÆKI ÁRSINS 2006 Í DANMÖRKU



352.000 kr.

**Designa - Alu Grebsfri**  
Stílhrein og sérstök innrétting með innfelldu álgripi



225.000 kr.

**Designa - Evely Beach**  
Norræn hönnun með gott notagildi og nægu geymsluplássi



345.000 kr.

**Designa - Udénese**  
Allt sem gott eldhús þarf að hafa ásamt glæsilegri eyju



285.000 kr.

**Designa - Rimini**  
Stílhrein og rúmgóð ásamt eyju með nægu geymsluplássi

VELKOMIN HEIM


EGG er með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

**EGG**  
SMÁRATORGI

\*Verð miðast við innréttingu og sökkul

## &gt; SOPHIA LOREN

Ítalska leikkonan og feðurárdís Sophia Loren er 73 ára gömul í dag. Loren vann í fyrra kosningu um náttúrulega fegurstu manneskju heims, og skaut þar stjörnum á borð við George Clooney og Catherine Zeta-Jones ref fyrir rass. Erkebiskupinn af Genúa ku eitt sinn hafa sagt að þó að Vatíkanið væri á móti klónun, „væri hægt að gera undantekningu fyrir Sophiu Loren“.



# fólk

folk@frettabladid.is

## Britney send í eiturfjapróf

Britney Spears þarf að gangast undir eiturfjapróf tvisvar í viku til að sanna að hún sé hæf móðir. Dómarinn Scott M. Gordon úrskurðaði þetta á mánudag. Hann sagði hegðun söngkonunnar sýna vanaþundna og tíða neyslu eiturfjaprófa og áfengis. Eins og kunnugt er takast Britney og Kevin Federline, fyrrverandi eiginmaður hennar, nú á um forræði yfir sonum þeirra tveimur, Jayden James og Sean Preston.

Eiturfjapróf eru þó ekki allt sem Britney þarf að gera, því dómari skikkaði hana einnig til að meðferðar hjá uppeldisráðgjafa í átta



**FORELDANÁMSKEIÐ FYRIR K-FED** Federline þarf að sækja foreldranámskeið ásamt fyrrverandi konu sinni.

klukkutíma í hverri viku. Hún má ekki neita áfengis eða eiturfjaprófa í kringum börn sín, og í tólf klukkutíma áður en hún tekur við þeim. Það sama gildir um K-Fed.

Hjónin fyrrverandi þurfa einnig að fara saman á foreldranámskeið, mega ekki tala illa um hvort annað fyrir framman börnin, og er bannað að refsa þeim líkamlega. Ef þau Britney og K-Fed hlíta bæði þessum reglum verður þeim leyft að halda áfram að deila með sér forræðinu, eins og þau hafa gert síðan í júlí.



**Í EITURFYJAPRÓF** Britney þarf að gangast undir eiturfjapróf tvisvar í viku, samkvæmt úrskurði dómara.

## Safna fyrir Palestínu



**SKÁTAR** Hljómsveitin Skátar spilar á tónleikum fyrir Palestínu sem verða haldnir á Organ í kvöld.

Hljómsveitirnar I Adapt, Skátar, Retro Stefson, <3 Svanhvít og For a Minor Reflection spila á tónleikum fyrir Palestínu sem verða haldnir á Organ í kvöld. Aðgangseyrir er 500 krónur og rennur allur ágóði til neyðarsöfnunar félagsins Ísland-Palestína fyrir íbúa herteknu svæðanna í Palestínu.

Lögð verður áhersla á að safna fé fyrir fórnarlömb aðskilnaðarmúrsins sem verið er að reisa á herteknu palestínsku landi, þvert á alþjóðalög, samþykktir Sameinuðu þjóðanna og úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag. Seldir verða sérhannaðir bolir og nælur svo eitthvað sé nefnt. Húsið verður opnað klukkan 20.30.



**MARIOS SCHWAB** Kjólar Marios Schwab féllu í kramið hjá tiskuliðinu.



**NICOLE FARHI** Blár og grár voru í aðalhlutverki hjá Nicole Farhi.



FIMMTUDAGINN 20. SEPTEMBER

Kate Moss



TOPSHOP

VERÐUR HAUSTLÍNA Kate Moss AFHJÚPUÐ Í TOPSHOP SMÁRALIND

## Tískan í London

Tískuvikurnar fylgja nú fast á hæla hver annarri, og þessa vikuna liggur leið tískuspekúlanta til London. Vor- og sumarlinurnar þar eru jafn fjölbreyttar og þær eru margar,

eins og sam-  
anburður  
á hönnun  
Gareth  
Pughs og  
Luella leið-  
ir fljótlega í  
ljós.



**LUELLA** Vorlína Luella státaði af mörgum klæðilegum kjólum.



**CHRISTOPHER KANE** Hönnuðinum Christopher Kane tókst augljóslega að klára sumarlinu sína, en hluta hennar var stolið í síðustu viku.



**GARETH PUGH** Sumarlína Gareth Pugh er ekki fyrir alla, eins og þessi mynd ber vitni um.

NORDICPHOTOS/GETTY

Nike  
Adidas Originals  
American Apparel  
Ksubi  
Acne Jeans  
Thomas Burberry  
Surface 2 Air  
Anderson & Lauth

2 TÖSKUR OG 18 SKÓPÖR.  
MYNDAÐ 24 MÍNÚTUM EFTIR AÐ VARAN KOM INN Í BÚÐ.

**www.SAMbio.is | 575 8900 | midi.is**

Stemntillegustu vinurinn í heimi eru maðin.

Allir eiga sín leyndarmál.  
**MR. BROOKS**  
Óvæntasti sálfræðirillir ársins.

**bratz**  
Mynd í anda Clueless og Mean Girls.

Erstu að fara að gifta þig?  
Þá viltu alls ekki lenda í honum!!!  
**KNOCKED UP**

**disturbia**

Langmest sótt myndin á Íslandi í dag  
**ASTRÓÞÍA**

DRÖPFIYNDIN GAMANMYND MEÐ HINUM EINA SAMNA  
**LICENSE TO WED**  
Robín Willíam og ungstíminu Mandy Moore.

ÁLFABAKKA		AKUREYRI			
MR. BROOKS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16	BRATZ THE MOVIE	kl. 6	L
MR. BROOKS VIP	kl. 8 - 10:30		VACANCY	kl. 8-10	12
BRATZ	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L	ASTRÓÞÍA	kl. 6	L
KNOCKED UP	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12	VEDRAMÓT	kl. 8 - 10	14
DISTURBIA	kl. 8 - 10:30	14	KEFLAVÍK		
ASTRÓÞÍA	kl. 6 - 8 - 10:10	L	BRATZ THE MOVIE	kl. 8	L
ASTRÓÞÍA VIP	kl. 6		KNOCKED UP	kl. 8 - 10:30	12
RATATOUILLE M/ISL.TAL	kl. 5:30	L	DISTURBIA	kl. 10:10	12
KRINGLUNNI		SELFOSSI			
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16	MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16
BRATZ	kl. 5:30 - 8	L	LICENSE TO WED	kl. 8	7
LICENSE TO WED	kl. 6 - 8	7	BOURNE ULTIMATUM	kl. 10:10	14
ASTRÓÞÍA	kl. 6	L			
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10	14			
TRANSFORMERS	kl. 10:30	DIGITAL 10			

# Stuttskífu fagnað

Þungarokksveitin Gordon Riots, sem lenti í þriðja sæti í Músíktilraunum fyrr á árinu, hefur gefið út stuttskífuna Witness the Weak Ones. „Við tókum hana upp í byrjun maí og kláruðum í júlí,“ segir bassaleikarinn Kári Árnason.

Gordon Riots var stofnuð sumarið 2005 en var þó ekki fullmönnuð fyrr en ári seinna. Síðan þá hefur hún verið mjög virk í tónleikahaldi og fór meðal annars í

ferð um Ísland í sumar ásamt We Made God og Shogun. „Þetta er bara metall. Það er mjög erfið að skilgreina hana öðruvísi,“ segir Kári um tónlist sveitarinnar.

Útgáfutónleikar í tilefni af nýju skífunni verða haldnir í Hinu húsinu í kvöld. We Made God og Shogun koma einnig fram. Gordon Riots spilar einnig á Iceland Airwaves-hátíðinni í október.



**GORDON RIOTS** Hljómsveitin Gordon Riots hefur gefið út stuttskífuna Witness the Weak Ones.

# Mikið fjallað um Brothers

Ein stærsta fréttin í Hollywood í gær var sú að Toby Maguire og Jake Gyllenhaal munu leika aðalhlutverkin í kvikmynd Sigurjóns Sighvatssonar, Brothers.



**KEMUR EKKI Á ÓVART** Sigurjón segir að athyglin sem fréttin hafi vakið hafi ekki komið sér á óvart.

„Þessi áhugi kemur mér ekkert sérstaklega á óvart án þess að vilja vera eitthvað hrokafullur. Við erum einfaldlega með mjög góðan efnivið í höndunum,“ segir Sigurjón en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru viðræðurnar nú á lokastigi og er stefnt að því að hefja tukur strax í nóvember. Fréttin hefur vakið gríðarlega athygli og þykir ein stærstu tíðindin í Hollywood enda um að ræða tvo eftirsóttustu leikarana af ungu kynslóðinni. „Danska myndin eftir Susanne Bier var alveg frábær og fékk mikið lof gagnrýnenda þótt hún hafi kannski ekki mikið gengið utan Danmerkur,“ segir Sigurjón sem telur að helsta ástæðan sé sú að hún var einfaldlega dönsk.

Framleiðandinn nefnir einnig að þeir hafi fengið David Benioff til að yfirfæra söguna yfir á bandarískt umhverfi en hann er einn hæstlaunaði rithöfundurinn í Hollywood. Og þá megi ekki gleyma þætti Jims Sheridan sem þykir einn virtasti leikstjóri kvikmyndaborgarinnar. „Eins og ég hef sagt þá á söguþráður

myndarinnar líka svo sannarlega erindi við bandarísku þjóðina,“ bætir Sigurjón við. Brothers segir frá ungum manni sem er sendur til Afganistans og felur bróðir sínum að gæta eigin konu sinnar. Sá verður hins vegar ástfangin af henni.

**Nýtt í bíó** Sími: 553 2075 - bara lúxus

Frá íkastinu „THE 40-YEAR-OLD VIRGIN“  
**EIN ÓVÆNTASTA GRIMMYND ÁRSINS**

**KNOCKED UP**

**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

HAIRSPRAY	kl. 5.45, 8 og 10.20	L
KNOCKED UP	kl. 6 og 9	14
DISTURBIA	kl. 5.45 og 10.20	14

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

**NÝTT Í BÍÓ!**

**HAIRSPRAY**

**VACANCY**  
ÓHUGNANLEGASTI SPENNUTRYLLIR ÁRSINS!

**KNOCKED UP**  
EIN ÓVÆNTASTA GRIMMYND ÁRSINS

**VEDRAMÓT**  
T.S.K., BLAÐIÐ

**ASTRÓÞÍA**

**BOURNE ULTIMATUM**

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000			REGNBÖGINN SÍMI 551 9000		
HAIRSPRAY	kl. 5:30 - 8 - 10:30		<b>450 kr. í bíó!</b>		
HAIRSPRAY LÚXUS	kl. 8 - 10:30		SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS		
VACANCY	kl. 8 - 10	16	KL. 8	Sicko	
VEDRAMÓT	kl. 5:40 - 8	14	KL. 10.30	Sicko	
KNOCKED UP	kl. 8 - 10:40	14	VACANCY	kl. 6 - 8 - 10	16
BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 4 - 6		VEDRAMÓT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 3:45		BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 6	
THE SIMPSONS MOVIE ISL.TAL	kl. 3:45		THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 6 - 8 - 10	
RUSH HOUR	kl. 5:50 - 10:20	12			
BASKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919			ALFRÉTTABÍÓ SÍMI 462 3500		
HAIRSPRAY	kl. 5:30 - 8 - 10:30		HAIRSPRAY	kl. 5:50 - 8 - 10:20	
VEDRAMÓT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14	KNOCKED UP	kl. 8 - 10:20	14
BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 6		BRETTIN UPP ISL.TAL	kl. 5:50	
ASTRÓÞÍA	kl. 6 - 8 - 10:10				
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:30	14			

# FRAMKOMA EMM- FYRIRSETUNÁMSKEIÐ

**SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 25. SEPTEMBER OG 27. SEPTEMBER.**

Sjálfstyrking Framkoma Líkamsburður Innsýn í fyrirsætustörf Föðun Umhirða húðar og hárs Myndataka (10 s/h myndir) Tískusýningarganga Fyrirsæta kemur í heimsókn Fíkniefnafræðsla Myndbandsupptökur Leikræn tjáning Næringarráðgjöf

Umsjónarkennarar námskeiðsins eru Stefánía Benónísdóttir fyrirsæta og Andrea Brabin framkvæmdarstjóri Eskimo, auk fjölmargra gestakennara.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, Eskimo tösku, Maybelline mascara, viðurkenningarskjal og 10 s/h myndir. Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu í Smáralind. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu. EMM School of Make-Up sér um föðun.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Skráning er hafin í síma 533 4646 og á www.eskimo.is. Skráning er einnig hafin á stig 2: Námskeið í auglýsinga- og kvikmyndaleik.

ATH: Bæði fyrir stráka og stelpur.

Verð  
**17.900 kr.**



emm

MAYBELLINE  
NEW YORK

eskimo

# West seldi tæp milljón eintök

Rapparin Kanye West stóð uppi sem sigurvegari í kapphlaupi sínu við 50 Cent um hvor seldi meira af plötu sinni fyrstu vikuna. Plata West, Graduation, seldist í 957 þúsund eintökum en 50 Cent seldi 691 þúsund eintök af plötunni Curtis. Salan á Graduation er sú mesta síðan síðasta plata 50 Cent, The Massacre, seldist í 1,1 milljón eintaka árið 2005.

„Til að vera meistari þarftu að sigrast meistarar,“ sagði West. „Þetta er alveg stórkostlegt. Það eru allir að segja mér hversu stoltir þeir séu af mér,“ sagði West, sem bætti því við að það hefði verið sín hugmynd að fara í einvígi við 50 Cent. „Ég var ekki talinn sigurstranglegur vegna þess að ég hefði selt minna á ferlinum þannig að ég hefði aldrei getað

tapað á þessu. Þótt ég hefði selt minna hefðu allir verið ánægðir með að ég hefði þorað að etja kappi við hann.“

50 Cent vildi ekkert tjá sig um það hvort hann ætlaði að gefa sólóferil sinn upp á bátinn eins og hann hafði lofað ef hann myndi tapa. „Ég er mjög ánægður með að hafa tekið þátt í einni af stærstu plötuútgáfu síðustu tveggja ára. Saman höfum við selt hundruð þúsunda platna á okkar fyrstu viku á lista. Þetta er frábær stund fyrir hiphop-tónlistina sem verður án efa skráð í sögubækurnar.“

**ANDSTÆÐINGAR** Rapparamir Kanye West og 50 Cent háðu mikið kynningarstríð vegna nýjustu platna sinna.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



# Airwaves í London

Hafdís Huld, roksveitin Jan Mayen og danssveitin Motion Boys koma fram á Iceland Airwaves-kvöldi sem verður haldið á tónleikastaðnum The Luminaire í London miðvikudaginn 26. september.


Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð sem fyrirtækið Two Little Dogs stendur fyrir á tveggja mánaða fresti undir heitinu Reykjavik Nights in London. Fyrsta kvöldið var haldið 17. júní síðastliðinn og vakti það mikla lukku. Var farið um það fögrum orðum í breskum fjölmiðlum. Í forsvari fyrir Reykjavik Nights in London er Kolbrún Karlsdóttir sem á og rekur Two Little Dogs sem starfrækt er jöfnum höndum hér heima og í Bretlandi.



**HAFDÍS HULD** Tónlistarkonan Hafdís Huld kemur fram á Iceland Airwaves-kvöldi í London í næstu viku.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leik- og söngkonan **Jennifer Lopez** er ófrísk af sínu fyrsta barni. Á hún von á sér næsta vor. Lopez og eiginmaður hennar, Marc Anthony, hafa lengi reynt að eignast barn og virðist þeim loksins ætla að verða að ósk sinni. Lopez fór í ómskoðun í New York í síðustu viku og kom þá í ljós að hún var komin tólf vikur á leið. Anthony, sem er 39 ára, á þrjú börn úr fyrri samböndum.



Leikkonan **Angelina Jolie** og kærasti hennar **Brad Pitt** halda fjármálum sínum aðskildum. Jolie segist annast peningamál sín sjálf og njóti þar ekki aðstoðar Pitts. „Brad veit að stundum ætti hann bara að þegja og vera sætur. Ég tala ekki við Brad um þetta vegna þess að þið vitið að hann hagar sínum peningamálum undarlega,“ sagði Jolie. Ummæli hennar hafa vakið mikið umtal og þykir ljóst að Pitt sé langt frá því að vera sáttur.



**Teri Hatcher**, sem leikur í þáttunum Desperate Housewives, er hætt með kærasta sínum Stephen Kaye. Hatcher og Kaye, sem er fyrrverandi kærasti **Evu Longoria** sem leikur með Hatcher í þáttunum, byrjuðu saman á síðasta ári.

Longoria er aftur á móti yfir sig ástfangin af nýbokuðum eiginmanni sínum, frönsku körfubolta-hetjuni Tony Parker.

Framleiðslufyrirtæki **Toms Hanks** ætlar að búa til nýja þáttaröð byggða á bók Vincents Bublions, Reclaiming History: The Assassination of President John F. Kennedy. Í bókinni er öllum samsæriskeningum um morðið á Kennedy vísað á bug og því haldið fram að Lee Harvey Oswald hafi staðið einn á bak við morðið á forsetanum fyrrverandi árið 1963.



www.volkswagen.is



# Polo lækkar um 100.000 kr.



Fáanlegur sjálfskiptur

## Kostar frá aðeins 16.090 kr. á mánuði\*

Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Volkswagen Polo er gott dæmi, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýttist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dýnur.

**Volkswagen Polo er grænn bíll**

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.



\* Miðað við 30% útborgun og gengistrygðan bílasamning til 84 mánaða. Verð 1.620.000 kr.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is  
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi







# Lauflétt kaup

**Engin útborgun. Lægra verð.\***  
**Aðeins 39 bílar í 2 daga.**  
**Komdu strax.**

Opið kl. 9-18

Engin útborgun - afborgun  
undir 15.000 kr. á mán.



Ford Focus High Ser. 1,6 bsk. skrd. 01/2000 ek: 130.000 km.  
Verð 690.000 kr. Tilboðsverð 590.000 kr. Engin útborgun.  
13.966 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. JY046.

Engin útborgun - afborgun  
15.000 - 20.000 kr. á mán.



Ford Mondeo Ambiente 1,8 bsk. skrd. 02/2004 ek: 70.000 km.  
Verð 1.236.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.  
16.449 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. NS268.



Citroën Picasso Xsara 2,0 ssk. skrd. 06/2003 ek: 64.000 km.  
Verð 1.270.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.  
18.083 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. OV680.

Nýttu þér  
tilboðin  
Tökum notaðan  
uppí notaðan

Engin útborgun - afborgun  
20.000 - 25.000 kr. á mán.



Ford Mondeo Ghia 2,0 ssk. skrd. 03/2003 ek: 101.000 km.  
Verð 1.350.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.  
21.071 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. JG785.

Engin útborgun - afborgun  
yfir 25.000 kr. á mán.



Hyundai Santa FE 2,6 ssk. skrd. 04/2001 ek: 114.000 km.  
Verð 1.490.000 kr. Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.  
27.889 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. NJ572.



Skoda Octavia 1,6 bsk. skrd. 03/2001 ek: 113.000 km.  
Verð 790.000 kr. Tilboðsverð 599.000 kr. Engin útborgun.  
14.175 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. UU264.



Renault Laguna 2,0 ssk. skrd. 09/1999 ek: 120.000 km.  
Verð 730.000 kr. Tilboðsverð 599.000 kr. Engin útborgun.  
18.305 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. TY019.



Renault Megane 1,6 bsk. skrd. 08/2001 ek: 92.000 km.  
Verð 760.000 kr. Tilboðsverð 599.000 kr. Engin útborgun.  
14.175 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. KO061.



Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 10/2004 ek: 69.000 km.  
Verð 1.320.000 kr. Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.  
19.716 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. KP216.



Renault Meg. Scenic 1,6 bsk. skrd. 03/2004 ek: 58.000 km.  
Verð 1.530.000 kr. Tilboðsverð 1.290.000 kr. Engin útborgun.  
21.350 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TJ243.



Renault Lag. II Break 2,0 ssk. skrd. 09/2004 ek: 64.000 km.  
Verð 2.060.000 kr. Tilboðsverð 1.850.000 kr. Engin útborgun.  
32.462 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. OJ546.



Ford Fusion Plus 1,4 bsk. skrd. 12/2003 ek: 63.000 km.  
Verð 990.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.  
14.800 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. VY076.



Renault Meg. Scenic 2,0 bsk. skrd. 09/2000 ek: 72.000 km.  
Verð 870.000 kr. Tilboðsverð 650.000 kr. Engin útborgun.  
19.841 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. OY589.



Citroën C5 2,0 ssk. skrd. 05/2004 ek: 63.000 km.  
Verð 1.580.000 kr. Tilboðsverð 1.290.000 kr. Engin útborgun.  
21.350 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. MI835.



Hyundai Santa FE 2,6 ssk. skrd. 11/2003 ek: 52.000 km.  
Verð 2.190.000 kr. Tilboðsverð 1.999.000 kr. Engin útborgun.  
32.933 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. PG177.

**Þig vantar bíl. Komdu núna.**  
**Kíktu á netið. Lækkðu mánaðargreiðslurnar.**  
**Vertu á betri bíl frá Brimborg.**

Aflaðu þér  
frekari upplýsinga  
[www.notadir.brimborg.is](http://www.notadir.brimborg.is)

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á

## ÚRSLIT

## Meistaradeild Evrópu:

## E-RÍÐILL:

Barcelona-Lyon 3-0  
1-0 Francois Clerc, sjálfsmark (21.), 2-0 Lionel Messi (82.), 3-0 Thierry Henry (90.).  
Rangers-Stuttgart 2-1  
0-1 Mario Gomez (56.), 1-1 Charlie Adam (62.), 2-1 Jean-Claude Darcheville, víti (75.).

## F-RÍÐILL:

Roma-Dynamo Kiev 2-0  
1-0 Simone Perrotta (9.), 2-0 Francesco Totti (70.).  
Sporting Lissabon-Man. Utd 0-1  
0-1 Cristiano Ronaldo (62.).

## G-RÍÐILL:

Fenerbahce-Inter 1-0  
1-0 Deivid (43.).  
PSV Eindhoven-CSKA Moskva 2-1  
1-0 Danko Lazovic (59.), 2-0 Kenneth Perez (80.), 2-1 Vágner Love (89.).

## H-RÍÐILL:

Arsenal-Sevilla 3-0  
1-0 Cesc Fabregas (27.), 2-0 Robin Van Persie (59.), 3-0 Eduardo da Silva (90.).  
Slavia Prag-Steaua Búkarest 2-1  
Senkerik, Goian - Belaid.

## 1. deild karla:

Grindavík-Fjölnir 5-2  
Scott Ramsay 2, Jóhann Helgason, Ivan Firer, Andri Steinn Birgisson - Ray Jónsson (sjm), Gunnar Már Guðmundsson, víti.

## STAÐA EFSTU LIÐA:

1. Þróttur	20	14	2	4	42:22	44
2. Grindavík	20	14	2	4	41:20	44
3. Fjölnir	20	13	3	4	56:25	42
4. ÍBV	20	11	5	4	36:19	38
5. Fjarðabyggð	20	10	4	6	22:14	34

# Ronaldo afgreiddi sína gömlu félagi

Fyrstu umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lauk í gær með átta leikjum. Ensku liðin Manchester United og Arsenal unnu bæði sína leiki og Barcelona vann góðan sigur á Lyon.

**FÓTBOLTI** Ensku liðin Manchester United og Arsenal unnu góða sigra í fyrstu umferð Meistaradeildar Evrópu í gær. Manchester vann góðan útsigur á Sporting, 1-0, en Arsenal lagði Sevilla 3-0.

Man. United áttu í nokkrum erfiðleikum í fyrri hálfleik gegn Sporting, en allt annað var að sjá liðið í seinni hálfleik og var Cristiano Ronaldo þar í aðalhlutverki. Það var einmitt Ronaldo



**SJÓÐHEITUR** Fabregas var á skotskónum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**SIGURMARKIÐ** Cristiano Ronaldo stangar hér boltann í netið hjá Sporting í gær. Þetta var eina mark leiksins. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

sem skoraði mark United með glæsilegum skalla, eftir sendingu frá Wes Brown, þegar um stundarfjórðungur var liðinn af seinni hálfleik og þar við sat.

Alex Ferguson, stjóri United, var afar sáttur í leikslok. „Mér

fannst við koma sterkir inn í seinni hálfleik og sigurinn er gott vegamenti fyrir okkur í keppninni. Þeir áttu sín færi í leiknum, en mér fannst þeir samt aldrei ná að opna okkur alveg,“ sagði Ferguson.

Arsenal sýndi nýliðum Sevilla í

Meistaradeildinni enga miskunn og skelti þeim 3-0 á heimavelli sínum.

„Fabregas er í ótrúlegu formi í augnablikinu, hann er að bæði að skora og leggja upp mörk. Reyndar spilar allt liðið mjög vel og ég er spenntur að sjá hversu langt við náum í ár,“ sagði einn markaskorara Arsenal, Robin Van Persie, í leikslok.

Barcelona vann góðan heimasigur á Lyon þar sem Lionel Messi fór mikinn, skoraði og lagði upp mark. Henry skoraði síðan sitt fyrsta mark fyrir Barcelona undir lok leiksins.

Eiður Smári Guðjonhson var ekki í leikmannahópi Barcelona í gær en unglíngarnir Dos Santos og Krkic voru aftur á móti á bekknum.

Ítölsku meistararnir í Inter máttu sætta sig við tap gegn Fenerbahce, en mark Tyrkjananna var af dýrari gerðinni og það skoraði David undir lok fyrri hálfleiks, en Roberto Carlos, fyrrum leikmaður Inter, átti þátt í undirbúningi marksins með góðum spretti upp vinstri kantinn. -óþ

Frá kr. 1.430.000  
**Getz**

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði\*

## Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði\*

- ✓ Flottur
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Öruggur

- ✓ Hagstæður
- ✓ Traust bílaumbod
- ✓ Góð þjónusta



Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánslyftfall af kr. 1.430.000 í 84 mánuði og í erlendra myntkúrfu, JPY 50%, CHF 50%.

**HYUNDAI**

www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



**SAMMÁLA** Henry og Fabregas skildu sáttir.

Thierry Henry, Barcelona:  
**Arsenal spilar betur án mín**

**FÓTBOLTI** Thierry Henry, fyrrverandi leikmaður Arsenal, segir að liðið spili betur án sín. „Núna spilar liðið betri fótbolta, þeir nýta liðsheildina, sem þýðir einfaldlega að hver einstaklingur í liðinu hefur ýtt leik sínum upp á hærra plan.“ Henry tekur því undir með Cesc Fabregas, sem hélt þessu fram á dögnum. -óþ



**ÓSÁTTUR** Berst fyrir framtíð fótboldans.

Michel Platini, forseti UEFA:  
**Peningar eyðileggja boltann**


**FÓTBOLTI** Michel Platini, forseti UEFA, telur að aukin áhrif peninga séu að eyðileggja evrópskan fótbolta og hyggst berjast gegn þróuninni. „Peningar hafa alltaf fylgt fótboldnum, en fram að þessu hafa þeir ekki verið mælikvarði á árangur liða, en það gæti verið að breytast. Mér sýnist allt stefna í að velgengni liða verði mæld í peningalegri stöðu þeirra, frekar en fjölda bikara.“ En Platini hefur meðal annars formlega óskað eftir aðstoð Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, í baráttu sinni. -óþ

Hyundai hefur gæðin

# RAGNHILDUR STEINUNN OG ÞORGRÍMUR ÞRÁINS ILLA TEKIN

TEKINN 2 - Á MORGUN KL. 20:15

# TEKINN 2



**GLÆSILEGT  
ÁSKRIFTARTILBOÐ**  
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og  
Stöð 2 Sirkus, til 4. desember  
fyrir aðeins **4.280** kr á mánuði



skemmtilegri

## > Chloë Sevigny

Leikkonan Chloë Sevigny er fædd í Connecticut í Bandaríkjunum árið 1974. Hún skaut fram á sjónarsviðið eftir að hafa leikið í myndum á borð við Kids, Gummo og The Last Days of Disco. Það var síðan hlutverk hennar í myndinni Boys Don't Cry, á móti Hilary Swank, sem festi Sevigny í sessi. Hún leikur Nicki Grant í Big Love, á dagskrá Sirkuss í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR FYLGIST MEÐ INNLENDRI ÞÁTTAGERÐ

### Áfram, stelpur!

Rétt eins og haustinu fylgja fallandi laufblöð, kvölörökkur og kertaljós þá lifnar íslensk dagskrágerð í sjónvarpi við. Íslenskir þættir eru fáir á sumrin en nú er haustdagskráin komin á fullt með tilheyrandi þáttum, gömlum og nýjum. Í fyrirkvöld hóf Kompás göngu sína á nýjan leik á Stöð 2, á betri tíma en fyrr að mínu mati, matartími liðinn og hægt að fylgjast með sjónvarpinu í ró og næði. Í fyrsta þætti haustsins skoðuðu þau ákæru gegn lögmanni sem á að hafa tælt ungar stúlkur, alvarlegt mál auðvitað þó að umdeilanlegt sé að nafngreina mann sem enn hefur ekki verið sakfelldur. Ýmislegt athyglisvert kom fram í þættinum. Til dæmis að þessi lögmaður hefur á sama tíma og hans mál er til meðferðar í réttarkerfinu, fengið að sitja yfirheyrslur gegn fórnarlömbum barnaníðinga í Barnahúsi sem lögmaður niðinganna.

Fréttaskýringin þótti ekki 35 mínútur, ég held að ritstjórnin hefði gert betur með því að stytta umfjöllun um lögmanninn og segja aðra sögu í þættinum. Þátturinn varð hreinlega of langdreginn. En ekki er hægt að kvarta yfir því að annar gamall kunningi af skjánum, gamanþátturinn Stelpurnar, sé langdreginn. Ég hef skemmt mér konunglega yfir þáttinum í haust, skelli margoft upp úr og endursegi brandara fyrir vini sem ekki hafa aðgang að Stöð 2, mér að minnsta kosti til mikillar ánægju. Gott ef Stelpurnar eru ekki eftirlætiþátturinn minn í íslensku sjónvarpi um þessar mundir. Spaugstofan er hins vegar í litlu upphaldi. Kannski hefði Þórhallur bara átt að losa sig við alla karlana og bjóða upp á nýtt grín á laugardögum? RÚV er á betri leið í þáttagerð með Kilju Egils Helgasonar. Sá þáttur þykir mér lofa góðu og verður örugglega í upphaldi í vetur.



## EKKI MISSA AF



► **20.55** 07/08 bíó leikhús SJÓNVARPIÐ



► **21.30** Bones STÖÐ 2



► **16.00** Cheaper By The Dozen 2 STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.25** Arrested Development 3 SIRKUS



► **22.00** The Black Donnellys SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

- 15.20 Mótorsport e.
- 15.50 Kiljan e.
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknafréttir
- 17.30 Danni (1:4)
- 18.00 Stundin okkar (18:32)
- 18.25 Aukaleikarar (1:6) Gamanþáttaröð eftir Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfundar Skrifstofunnar. Hér er fylgt með aukaleikum sem láta sig dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum. e.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Bræður og systur (7:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjöru samskipti.
- **20.55** 07/08 bíó leikhús Fjórlegur þáttur með alvarlegum undirtóni þar sem pulsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir.
- 21.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate (1:6)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Gatan (5:6) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nággranna í götu í bæ á Norður-Englandi.
- 23.25 Aðþrengdar eiginkonur (58:70) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
- 00.10 Kastljós
- 00.50 Dagskrárolk

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06:00 Not Without My Daughter (e)
- 08:00 Cheaper By The Dozen 2
- 10:00 Two Brother
- 12:00 Stripes
- 14:00 Not Without My Daughter (e)
- **16:00** Cheaper By The Dozen 2
- 18:00 Two Brother
- 20:00 Stripes (e) Gamanmynd sem sló aðsóknarmet á sínum tíma. Myndin gerist í hernum og lýsir á skoplegan hátt aðfrínum manns, sem leikinn er af Bill Murray.
- 22:00 Disaster
- 00:00 Hunter: Back in Force
- 02:00 Young Adam
- 04:00 Disaster



- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Beauty and the Geek (7:9)
- 08.50 Í finu formi 2005
- 09.05 The Bold and the Beautiful
- 09.25 Wings of Love (24:120)
- 10.10 Sisters (11:24)
- 11.00 Whose Line Is It Anyway
- 11.25 Örlagadagurinn (9:14)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Forboðin feður (71:114)
- 13.55 Forboðin feður (72:114)
- 14.45 Two and a Half Men (23:24)
- 15.25 Barnatími Stöðvar 2 (19:21)
- 17.30 The Bold and the Beautiful
- 17.55 Nágrannar
- 18.20 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 19.25 The Simpsons (4:22) Í þessum sérstaka hrekjavökupætti eru sagðar þrjár hrekjasögur. Í fyrstu lendir Bart í því að fjölskyldan skiptir á honum og glænyjum vél-dreng sem heitir David.
- 19.50 Friends (2:17) (The One Where Ross Is Fine)
- 20.15 Two and a Half Men (5:24) Fjórða sería af þessum bráðskemmtilegum þáttum um bræðurna Charlie og Alan.
- 20.40 Til Death (5:22) Glæný gamanþáttaröð með Brad Garrett, úr Everybody Loves Raymond, og Joley Fisher í aðalhlutverkum.
- 21.05 It's Always Sunny In Philadelphia NÝTT (2:7) Skemmtileg gamanþáttaröð sem fjallar um fjóra félagá sem reka bar saman en eru allir of sjálfumglæðir til að geta unnið saman án þess að það komi til árekstra á milli þeirra. 2006. Leyfð öllum aldurshópum.
- **21.30** Bones (18:21)
- 22.15 Life on Mars
- 23.10 Tekinn 2 NÝTT (1:14)
- 23.40 Næturvaktin NÝTT
- 00.05 The Tudors (4:10)
- 01.00 The 4400 (10:13)
- 01.45 The List
- 03.15 Hotel Babylon
- 04.10 Cold Case (3:23)
- 04.55 Two and a Half Men (5:24)
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag
- 06.20 Tónlistarmyndbönd frá PoppTÍVI

## SYN besta sætið

- 07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 07.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 08.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 09.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 16.35 Meistaradeild Evrópu - endurs
- 18.15 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 18.55 UEFA Cup leikir
- 21.00 Það helsta í PGA-mótaröðinni Inside the PGA Tour er fráþættur þar sem golfáhugafólk fær tækifæri til þess að kynna betur kyllingunum í bandarísku PGA-mótaröðinni.
- 21.30 David Beckham - Soccer USA (9:13)
- 22:00 NFL Gameday Upphitun fyrir leiki helganinnar í bandaríska fótboltanum.
- 22.30 PGA Tour 2007 - Highlights
- 23.25 Sterkasti maður í heimi 2006
- 23.55 UEFA Cup leikir

## SYN2

- 19.00 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsoðttir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 20.30 PL Classic Matches Hápunktarir úr bestu og eftirminnegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 21.00 PL Classic Matches
- 21.30 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
- 22.30 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tveikið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
- 23.55 Coca Cola mörkin 2007-2008

## SKJÁREINN

- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.25 Vörutorg
- 17.25 7th Heaven (e)
- 18.15 Dr. Phil
- 19.00 World's Most Amazing Videos (e)
- 20.00 Family Guy (6:11) Teiknimyndþættirnir um Griffin fjölskylduna eru geðveikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri rétt-hugsun og æðislegir. Peter og Louis eiga 3 börn það yngsta er sadisti með snillgáfu sem einbeittir sér að því að koma móður sinni fyrir kattarnef og eyða heiminum.
- 20.30 30 Rock - NÝTT Gamansería sem slegið hefur í gegn vestan hafs. Aðalhlutverkin leika Tina Fey og Alec Baldwin en Fey, sem er fræg úr Saturday Night Live, er einnig framleiðandi og aðalhöfundur þáttanna.
- 21.00 House (3:24) Bandarísk þáttaröð um lækinn skapstírða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House og samstarfsfólk hans þarf að svara samvissuspurningum þegar sjúklingur þeirra óskar þess að deyja.
- **22.00** The Black Donnellys (8:13) Ný, bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hells Kitchen.
- 22.50 Jay Leno
- 23.40 Superstorm - Lokapáttur (e)
- 00.40 Stargate SG-1 (e)
- 02.20 Vörutorg
- 03.20 Óstöðvandi tónlist

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttá vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# 30 ROCK

HEFST Í KVÖLD KL. 20.30  
Á SKJÁEINUM



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.40

Til Death

Glæný gamanþáttaröð með Brad Garrett, úr Everybody Loves Raymond, og Joley Fisher í aðalhlutverkum. Jeff og Steph eru nýgift og yfir sig ástfangin en þegar þau flytja í næsta hús við Stark-hjónin sjá þau glitta í framtíðina eftir margra ára hjónaband. Í kvöld gómar frúin Eddie við frekar skammarlega lygi og hann kemst að því að hann er ekki jafngóður lygari og hann hélt.



▶ VIÐ MÆLUM MED 30 ROCK - NÝTT Skjareinn kl. 20.30

Gamanseria sem slegið hefur í gegn vestan hafs. Aðalhlutverkin leika Tina Fey og Alec Baldwin en Fey, sem er fræg úr Saturday Night Live, er einnig framleiðandi og aðalhöfundur þáttanna. Hún leikur Liz Lemon sem er aðalhöfundur vinsæls gamanþáttar, ekki ólíkur Saturday Night Live. Þegar nýr yfirmaður mætir til starfa breytist allt á sjónvarpsstöðinni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæni
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Litla flugan
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Vitt og breitt
- 14.03 Á tónsviðinu
- 15.03 Útvarpsagan: Vansæmd
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregni
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 /Etti ég hörpu
- 19.27 Ísrael í Egyptalandi
- 22.15 Svöukvöld í september
- 23.10 Krossgötur
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 17.30 Skífulistinn
- 18.23 Fréttir
- 19.00 Hollyoaks (18.260)
- 19.30 Hollyoaks (19.260)
- 20.00 Bestu Strákarnir (22.50)
- ▶20.25 Arrested Development 3 Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei hverju þú átt von á frá þessum hóp. 2005.
- 20.50 Talk Show With Spike Feresten (4.22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
- 21.15 Skins (4.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglunga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglungum í dag. 2006.
- 22.00 Big Love (4.12) Þá er komið að annari seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonurnar hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og 7 börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem krefst mikillar vinnu. 2006.
- 22.55 Ghost Whisperer (30.44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melinda Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda er nýgift og rekur antikbúð í smábænum þar sem hún býr með eiginmanni sínum. 2006.
- 23.40 Windfall (1.13) (e)
- 00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

- 13:00 Miss Marple 14:00 Passport to the Sun 14:30 Cash in the Attic 15:30 Small Town Gardens 16:00 As Time Goes By 16:30 Last of the Summer Wine 17:00 Staying Put 17:30 Staying Put 18:00 Silent Witness 19:00 The Inspector Lynley Mysteries 20:00 Celeb 20:30 The Kumars At Number 42 21:00 Silent Witness 22:00 Ever Decreasing Circles 22:30 The Inspector Lynley Mysteries 23:30 As Time Goes By

DR 1

- 12:20 Med slør og høje hæle 12:50 Nyheder på tegnsprog 13:00 TV Avisen med vejret 13:10 Dawson's Creek 14:00 Boogie Update 14:30 Elmer som fotograf 14:35 Frikvarter 15:00 Solhest 15:30 Fandango med Sine 16:00 Aftenshowet 16:30 TV Avisen med Sport 17:00 Aftenshowet med Vejret 17:30 Rabatten 18:00 Kender du typen 18:30 Paul Potts - fra telefonsælger til verdensstjerne 19:00 TV Avisen 19:25 Task Force 19:50 SportNyt 20:00 Præsidentens datter 21:45 Liga 22:30 Boogie Update 23:00 Musikprogrammet

NRK1

- 10.00 NRK nyheter 10.15 Migrapolis: Folk i farta 10.45 Planeten vår 11.40 'Allo, 'Allo! 12.15 Vinbaronen 13.00 Fabrikken 13.30 Guttegame jenter 13.50 Grusomme grøss 14.00 Kim Pøssible 14.20 Kid Paddle 14.30 Zombie hotell 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Jan i naturen 15.40 Mánáid-TV - Samisk bame-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Bame-tv 16.10 Uhu 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Schrödingers katt 17.55 Tilbake til 90-tallet 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.35 Ukjent fiende 20.25 Halvseint 20.50 Litt av en luring 21.00 Kveldsnytt 21.15 Urix 21.45 Hero 23.10 Kulturytt

SVT 1

- 13:30 Mitt i naturen 14:00 Rapport 14:10 Gomorron Sverige 15:00 Karamelli 15:30 Pi 15:45 Sagotrædet 16:00 Cirkuskiosken 16:25 Pingu 16:30 Nattskift 16:40 Sagan om pappan och flickan 17:00 Lilla Aktuellt 17:15 Bobster 17:30 Rapport 18:00 Niklas mat 18:30 Packat & klart 19:00 Örnén 20:00 Argument 21:00 Rapport 21:10 Kulturyheterna 21:20 Uppdrag Granskning 22:20 Sändningar från SVT24

SIGURVEGARI PANASONIC 42" PV70



TILBOÐ: 229.900-

Sjónvarpið hlaut nýlega ein eftirsóttustu verðlaun heims, eða EISA Awards Best Product 2007-2008.



Í UMSÖGN DÓMNEFNDAR SEGIR EFTIRFARANDI:

"For movie enthusiasts, plasma displays are still the most cinematic performers, especially in terms of their black level capability. For the perfect illustration of this point, look no further than Panasonic's TH-42PV70 plasma display (TH-42PX70 with built in DVB-T tuner in some countries). This product line redefines plasma performance with its 10th Generation panel. It arrives ready for HD with a 1080p-compatible HDMI input, and delivers almost perfect picture quality out of the box thanks to Panasonic's advanced Vreal2 image processing."

Opnunartími:

Virka daga - 10 til 18 Laugardaga - 11 til 15



ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000



 <b>SALTFÉLAGIÐ</b>	Grandagarði 2 101 Reykjavík Sími 578 7810 <a href="http://www.saltfelagid.is">www.saltfelagid.is</a>
	HEIMILIÐ ER HEILAGT      

**vitra.**



„Heimspeki mín í hönnun er einföld: Lögun fylgir líðan.“

Hella Jongerius

Polder er fyrsti sófinn eftir Hella Jongerius. Hann veur athygli fyrir nýstárlega efnisnotkun og fallegt handverk í smæstu atriðum.



**BAKÞANKAR**  
Dr. Gunna


## Miðbæjarvandin

Hvað er að þessu liði? Slagandi um helgi eftir helgi, mígandi utan í vegg, slefandi fullt og ógeðslegt í órvæntingarfullri leit að einhverju til að dempa depurðina og einhverjum til að fjölga sér með. Getur þetta lið ekki hist í iðnaðarhverfum svo Egill Helgason og Þráinn Bertelsson geti hlaupið á náttbuxunum eftir baguette kl. 8 á laugardagsmorgni án þess að stíga í ælu eða fá einn gúmoren hjá vitstola ofbeldis-hnakka?

Á meðan áfengi er ekki bara leyft heldur líka selt af ríkinu verður einhvers staðar að vera hægt að drekka það. Eða er kannski einhver byrjaður að tala um áfengisbann í hinna miklu miðbæjarmóðursýkisumræðu sem nú fer fram? Reyndar væri mér alveg sama þótt mér væri bannað að finna á mér – áfengisvíma er eitthvað svo aumingjalegt ástand og Pálmi Gunnarsson hafði alveg rétt fyrir sér þarna um árið – en verður maður ekki að hugsa um heildina? Fjölmörgum er fró í því að hrynja íða, enda ekki furða þar sem lífið á skerinu snýst um að þræla myrkranna á milli til að hafa efni á að láta öll gráðugu einokunarfyrirtækin á landinu taka sig í bakaríð. Er nema von að Íslendingar séu drykkjusjúkir? Grænlandingar hvað?

**SJÁLFUR** er ég sem betur fer sloppinn, en þarna slarkaði ég áratugum saman, mígandi í sund, brjótandi flöskur, dettandi á sveibunkum, rifandi kjaft og verandi sá fulli hálfviti sem áfengisframleiðendur minnst aldrei á í auglýsingunum sínum. Ég lagði reyndar aldrei hendur á neinn, enda ekki algjör hálfviti, og slapp við að vera barinn, sem er heppni. Ef borðalagður Stefán Eiríksson hefði leitt mig niðrá stöð og sektað um tíu þúsund kall fyrir að míga á rúðuna í Dressmann hefði ég orðið brjáláður, en sennilega aldrei migið á rúðu aftur. Nóg að láta skemma fyrir sér kvöldið einu sinni.

**STÆRSTI** miðbæjarvandin er sá að allir – og þá meina ég nákvæmlega allir – sætta sig bara ekki við að vera heima hjá sér að horfa á fjölskyldumyndina á RÚV. Það verður aldrei. Og áfengisvíma mun lengi þykja eftirsóknarverð. Miðbæjarvandin er því kominn til að vera. Tja, nema risastóru verslunarmiðstöðinni sem nú er verið að reisa á leiðinni til Mosfellsbæjar verði breytt í stærsta skemmtistað í heimi.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er fimmtudagurinn 20. september, 263. dagur ársins 2007.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 7.03	13.21	19.37
Akureyri 6.47	13.06	19.23

Heimild: Almanak Háskólans



## ADSL án heimasíma



Hjá Vodafone getur þú fengið ADSL þjónustu án þess að vera með heimasíma og sparað þér 1.445 kr. á mánuði

ADSL plús án heimasíma – við förum hraðar á lægra verði

Hraði	Gagnamagn	Verð	Hámark
6 Mb/s	2 GB	4.360 kr.	6.860 kr.
8 Mb/s	ótakmarkað	5.460 kr.	5.460 kr.
12 Mb/s	ótakmarkað	6.490 kr.	6.490 kr.

Greitt er fyrir umframgagnamagn að verðþaki. Fylgstu með notkun þinni á [www.vodafone.is](http://www.vodafone.is). Skilyrði er að gerður sé 6 mánaða samningur. Stofngjald 6000 kr.

### Hvað er innifalið?

- Allt að 5 pósthólf
- Vírusvörn á pósthólf
- Vefpóstur
- 50 MB heimasíðuvæði
- Gjaldfrjálst þjónustunúmer -1414
- Gjaldfrjáls niðurhal innanlands
- Verðpak á erlendu gagnamagni

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**

